



# **Valdabarátta Írans og Sádí-Arabíu**

## **Borgarastríð í Jemen**

Ellen Nadia Gylfadóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði**

**Félagsvísindasvið**

**Október 2016**

**Valdabarátta Írans og Sádí-Arabíu**  
***Borgarastríð í Jemen***

Ellen Nadia Gylfadóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Október 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ellen Nadia Gylfadóttir 1989  
170289-2509

Reykjavík, Ísland 2016

## Útdráttur

Markmið þessarar ritgerðar er að greina frá meginþáttum valdabaráttu Sádí-Arabíu og Írans og áhrifum hennar á nágrannaríki þeirra. Samskipti ríkjanna verða skoðuð í ljósi raunhyggju og formgerðarraunhyggju og út frá hugmyndinni um staðgenglastríð. Einnig verður valdabarátta Sádí-Arabíu og Írans útskýrð út frá kenningum um valdajafnvægi. Svæðisbundnar utanríkisstefnur Sádí-Arabíu og Írans í Mið-Austurlöndum verða kannaðar allt frá írönsku byltingunni árið 1979 til dagsins í dag. Skoðað verður hvernig hagsmunaríkin hafa að gæta á svæðinu og hvaða aðferðir þau notast við til að tryggja þá hagsmuni. Þá verður einnig greint frá því hvernig samkeppni Írans og Sádí-Arabíu um völd í Mið-Austurlöndum hefur áhrif á viðkomandi heimshluta en staðgenglastríð hafa myndast víða um Mið-Austurlönd þar sem Íran og Sádí-Arabía hafa styrkt andstæðar fylkingar í átökum hvor við aðra. Til þess að varpa ljósi á afleiðingar valdabaráttu ríkjanna verður borgarastríðinu í Jemen gerð ítarleg skil en þar hafa óeirðir verið viðvarandi frá því að arabíska vorið náði til landsins árið 2011. Leitað verður svara við því hvort raunhyggja sé grundvallaratriði í svæðisbundinni utanríkisstefnu ríkjanna og samskiptum milli þeirra, og reynt að útskýra hvers vegna borgarastríðið í Jemen flokkast undir staðgenglastríð. Meginniðurstöður þessarar greiningar eru að hinn kenningalegi rammi raunhyggjunnar nýtist vel til að útskýra svæðisbundnar utanríkisstefnur ríkjanna og samskipti þeirra á milli.

## **Formáli**

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BA-gráðu við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og var skrifuð sumarið 2016. Ritgerðin var unnin undir handleiðslu Silju Báru Ómarsdóttur og vil ég færa henni mínar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og hvatningu. Vil ég einnig þakka vinum mínum og fjölskyldu fyrir allan þann stuðning sem þau hafa veitt mér á meðan rígerðarskrifum stóð. Ég vil sérstaklega þakka afa mínum, Ingvari Ingólfssyni, fyrir að sýna námi mínu mikinn áhuga og ávallt vera til í að rétta fram hjálparhönd. Stuðningur hans og hvatning hafa reynst mér ómetanleg í gegnum námið.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>1 Fræðileg umfjöllun</b> .....	<b>8</b>
<b>1.1 Raunhyggja</b> .....	<b>8</b>
<b>1.2 Formgerðarraunhyggja og valdajafnvægi</b> .....	<b>9</b>
<b>1.3 Raunhyggjukenningar og Mið-Austurlönd</b> .....	<b>11</b>
<b>1.4 Staðgenglastríð</b> .....	<b>12</b>
<b>2 Svæðisbundnar utanríkisstefnur</b> .....	<b>15</b>
<b>2.1 Sádi-Arabía</b> .....	<b>15</b>
2.1.1 Svæðisbundin utanríkisstefna Sádi-Arabíu.....	16
2.1.2 Sádi-Arabía og Mið-Austurlönd .....	17
2.1.3 Sádi-Arabía og Arabíuskaginn.....	19
<b>2.2 Íran</b> .....	<b>20</b>
2.2.1 Megineinkenni utanríkisstefnu Írans eftir byltinguna.....	20
2.2.2 Trúarleg og byltingarkennd og utanríkisstefna .....	22
2.2.3 Svæðisbundin utanríkisstefna Írans .....	23
<b>2.3 Íran og Sádi-Arabía</b> .....	<b>24</b>
2.3.1 Upphaf ágreinings .....	25
2.3.2 Ágreiningsatriði .....	25
2.3.3 Kalda stríð Írans og Sádi-Arabíu .....	27
<b>3 Jemen</b> .....	<b>29</b>
<b>3.1 Sögulegur bakgrunnur</b> .....	<b>29</b>
<b>3.2 Borgarastríð í Jemen</b> .....	<b>32</b>
<b>3.3 Staðgenglastríð í Jemen</b> .....	<b>34</b>
<b>4 Umræður og lokaorð</b> .....	<b>37</b>
<b>5 Heimildaskrá</b> .....	<b>40</b>

## Inngangur

Sádi-Arabía og Íran eru tvö valdamestu ríki Mið-Austurlanda og hafa lengi keppt um völd og áhrif á svæðinu. Ríkin hafa verið á skjön hvort við annað allt frá stjórnarbyltingunni í Íran árið 1979 en síðan þá hafa þau keppt um yfirráð á alþjóðlega orkumarkaðinum, þróun í kjarnorkutækni og um pólitísk áhrif í ríkjunum við Persaflóa og fyrir botni Miðjarðarhafs.

Íranska byltingin markar ákveðin tímamót í samskiptum ríkjanna. Fyrir byltinguna voru bæði ríkin bandamenn Bandaríkjanna og unnu að því að vernda hagsmuni Bandaríkjamanna í Mið-Austurlöndum. Ekki voru allir íbúar Írans sáttir við þetta samstarf og þá hröðu Vesturlanda- og veraldarhyggjuvæðingu (e. westernization og secularization) sem fylgdi því. Óánægja meðal íbúa óx hratt og varð meðal annars kveikjan að árangursríkri stjórnarbyltingu gegn sitjandi leiðtoga ríkisins, keisaranum Mohammed Reza Pahlavi. Eftir að keisaranum var steipt af stóli og hinn nýi leiðtogi, Ayatollah Ruhollah Khomeini, tók við breyttist stefna Írans gegn Bandaríkjunum og öðrum vestrænum öflum á svæðinu. Í kjölfarið breyttist samband Sádi-Araba og Írana en Sádi-Arabía hélt stöðu sinni sem bandamaður Bandaríkjanna á meðan Íran varð svarinn fjandmaður þeirra. Upp frá þessu hafa samskipti ríkjanna farið versnandi, og rígur og samkeppni milli þeirra færst í aukana.

Arabíska vorið, lýðræðisbyltingin sem gekk yfir Mið-Austurlönd og Norður-Afríku árið 2011, er annar ákveðinn vendipunktur í sögu Sádi-Arabíu og Írans. Byltingunni fylgdi mikill óstöðugleiki og stjórnvöldum víða á svæðinu var steipt af stóli. Við þetta mynduðust valdatómarúm (e. power vaccum) sem Sádi-Arabar og Íranar kepptust við að fylla upp í. Þetta varð til þess að fjandskapur milli ríkjanna jókst til muna.

Í kjölfar arabíska vorsins spruttu upp átök þvert yfir Mið-Austurlönd. Mörg þessara átaka hafa dregist á langinn vegna valdabaráttu stórveldanna tveggja þar sem þau hafa kynt undir trúarlegum ágreiningi milli ólíkra trúarhópa, en samkeppnin milli ríkjanna er að miklu leyti drifin áfram af trúarlegum deilum. Sádi-Arabar eru að mestu leyti súnnítar á meðan meirihluti Írana eru sjítar. Ríkin tvö hafa skipað sig sjálf sem fulltrúa og verjendur þessara tveggja helstu trúarhópa innan íslam. Þá aðhyllast Sádi-Arabar mjög stranga túlkun á íslam sem kallast wahabbismi og eru þekktir fyrir að vera ekki umburðarlyndir gagnvart öðrum greinum íslam, líkt og sjíisma. Yfirvöld í Sádi-Arabíu óttast því aukið vald sjíta í Mið-Austurlöndum. Stórveldin hafa í raun nýtt sér þessa trúarlegu skiptingu innan íslam til að auka völd sín og áhrif á svæðinu. Þetta hefur leitt til þess að átök milli súnníta og sjíta hafa aukist mikið á undanförunum árum. Þá hafa afskipti Írans og Sádi-Arabíu af svæðisbundum átökum milli trúarhópanna orsakað svokölluð staðgenglastríð (e. proxy war).

Jemen er, líkt og Síryland, Írak og Líbanon, ríki sem hefur orðið fyrir beinum áhrifum af valdabaráttu stórveldanna tveggja. Átökin sem nú standa nú yfir í Jemen hafa leitt til þess að milljónir manna hafa neyðst til að flýja heimili sín og þúsundir hafa látið lífið. Í meira en ár hefur Jemen, fátækasta ríki Mið-Austurlanda, verið lagt í rúst vegna blóðugra átaka milli uppreisnarmanna Húta (e. Houthis) og stuðningsmanna ríkisstjórnar Jemens. Landsvæði ríkisins hefur í gegnum tíðina skipst milli tveggja trúarhópa innan íslam, sjíta sem búa í norðurhluta ríkisins, og súnníta sem eru meirihluti íbúa Jemen og búa að mestu leyti í suðausturhluta ríkisins. Þessi skipting er mikilvæg í valdabaráttu svæðisbundnu stórveldanna, Sádí-Arabíu og Írans. Stórveldin tvö hafa ýtt undir deilur í Jemen með því að styðja við bakið á andstæðum fylkingum en stuðningur þeirra skiptist eftir þessum trúarlegu línunum, þ.e. Íranar hafa veitt Hútum stuðning, sem eru sjítar, og Sádí-Arabar hafa staðið við bakið á yfirvöldum í Jemen, sem samanstendur af súnnítum.

Markmið þessarar ritgerðar er að greina frá meginþáttum valdabaráttu Sádí-Arabíu og Írans og áhrifum hennar á nágrannaríki þeirra. Samskipti ríkjanna verða skoðuð í ljósi raunhyggju og formgerðarraunhyggju (e. realism og structural realism) og út frá hugmyndinni um staðgenglastríð. Einnig verður valdabaráttu Sádí-Arabíu og Írans skýrð út frá kenningum um valdajafnvægi (e. balance of power). Svæðisbundnar utanríkisstefnur Sádí-Arabíu og Írans í Mið-Austurlöndum verða kannaðar allt frá írönsku byltingunni árið 1979 til dagsins í dag. Skoðað verður hvernig hagsmunum ríkin hafa að gæta á svæðinu og hvaða aðferðir þau notast við til að tryggja þá hagsmuni. Þá verður einnig greint frá því hvernig samkeppni Írans og Sádí-Arabíu um völd í Mið-Austurlöndum hefur áhrif á viðkomandi heimshluta en staðgenglastríð eiga sér stað víða um Mið-Austurlönd þar sem Íran og Sádí-Arabía hafa verið að styrkja andstæðar fylkingar í átökum hvor við aðra. Til þess að varpa ljósi á afleiðingar valdabaráttu ríkjanna verður borgarastríðinu í Jemen gerð ítarleg skil en þar hafa óeirðir verið viðvarandi frá því að arabíska vorið náði til landsins árið 2011. Leitast verður við að svara því hvort raunhyggja sé grundvallaratriði í svæðisbundinni utanríkisstefnu ríkjanna og samskiptum milli þeirra, og útskýra hvers vegna borgarastríðið í Jemen flokkast undir staðgenglastríð.



# 1 Fræðileg umfjöllun

Kenningar í alþjóðasamskiptum eru notaðar til að útskýra hegðun ríkja og sögulega atburði. Fræðigreinin er sett saman úr hugmyndum sem hjálpa okkur að útskýra og skilja samskipti milli ríkja og þjóðfélaga. Þessar kenningar einblína á hvernig ríkjum lyndir hverju við annað, hvernig utanríkisstefna þeirra myndast og hvert hlutverk hnattrænnar uppbyggingar á alþjóðlegum vettvangi er (Halliday 2005, 21–22). Hér verður sjónum beint að vettvangi Mið-Austurlanda. Raunhyggjukenningar eru vel til þess fallnar til að skýra utanríkisstefnu Sádí-Arabíu og Írans í Mið-Austurlöndum og íhlutun þeirra í Jemen. Kenningalegur rammi raunhyggjunnar hentar einnig til að greina hvers vegna ríki taka þátt í staðgenglastríðum. En líkt og raunhyggjusinnar, þá telja fræðimenn sem rannsakað hafa staðgenglastríð að utanaðkomandi ríki hafi aðeins afskipti af deilum innan annarra ríkja ef þau þjóna þeirra eigin hagsmunum (Mumford 2013, 30).

Í þessum kafla verða meginéinkennum raunhyggjunnar gerð skil. Einnig er fjallað um eina af undirkenningum raunhyggjunnar, formgerðarraunhyggju, og hugmyndir hennar um valdajafnvægi og öryggiskreppu verða útlistaðar. Því næst verður greint frá því hvers vegna raunhyggjukenningar nýtast vel við að útskýra samskipti milli ríkja Mið-Austurlandanna. Að lokum verður hugtakið staðgenglastríð skilgreint og meginéinkenni slíkra stríða útlistuð.

## 1.1 Raunhyggja

Kjarni klassískra raunhyggjukenna er að ríki eru aðalgerendur í hinu stjórnlausa alþjóðakerfi og það sé í eðli þeirra, líkt og það sé í eðli manna, að vera eigingjörn og reyna eftir fremsta megni að hámarka eigin hagsmuni (Donally 2005, 30).

Raunhyggja varð ráðandi kenning í alþjóðastjórnámálum eftir að seinni heimsstyrjöldin hófst árið 1939. Kenningin er tengd eldri hugmyndum stjórnámálanna, til dæmis hugmyndum Hobbes, Þúkídýdesar og Machiavellis. Hugmyndir þeirra veita meðal annars ráðleggingar til stjórnenda ríkja um hvernig þeir eigi að hegða sér á vettvangi alþjóðastjórnámálanna svo að heilsa og styrkur ríkisins varðveitist. Þessar reglur hafa verið kallaðar *forsendur fyrir tilvist ríkisins* (Dunne og Schmidt 2014, 100; Donally 2005, 31).

Samkvæmt raunhyggjunni eiga ríki, sem aðalgerendur í alþjóðastjórnámálum, að sækjast eftir valdi. Það kemur í hlut ráðamanna ríkja að reikna út skynsamlega þau skref sem tekin skulu til að viðhalda lífi ríkisins í því fjandsamlega og ógnandi umhverfi sem þau búa við, en tilvist ríkisins getur aldrei verið fullkomlega tryggt. Raunhyggjusinnar eru efins um að til séu alþjóðlegar siðareglur og vara því ráðamenn við því að fórna sínum eigin hagsmunum

til að styðja við einhverja óljósa siðferðislega háttsemi (Dunne og Schmidt 2014, 101; Donally 2005, 31).

Til eru mörg ólík afbrigði af raunhyggju og mörg þeirra eiga sameiginleg einkenni en fræðimenn eru sammála um þá þætti sem einkenna allar tegundir raunhyggjunnar. Þeir þættir eru ríkishyggja, markmiðið að lifa af og sjálfshjálparviðleitni (Dunne og Schmidt 2014, 100; Haynes o.fl., 2011, 123–124). Ríkishyggja felur í sér að fullvalda ríki hafa heimild til að vera fulltrúi sameiginlegs vilja íbúa ríkisins. Ríkið beitir valdi sínu innan ríkis en utan landamæra ríkisins ríkir stjórnleysi þar sem ekkert miðlægt vald ríkir yfir fullvalda ríkjum alþjóðakerfisins. Uppbygging alþjóðakerfisins verður til þess að hvert fullvalda ríki lítur á sig sem sitt æðsta vald og þess vegna ríkir ekkert vald ofar því. Vegna þess að ekkert æðra vald ríkir í alþjóðakerfinu verða ráðamenn að setja sér markmið svo ríkið lifi af. Undir stjórnleysi getur öryggi ríkisins ekki verið tryggt. Þótt það sé mikilvægt fyrir ríki að öðlast völd þá er lykilatriði ríkja samt alltaf að lifa af. Sjálfshjargarviðleitni er grundarvallaratriði í hinu stjórnlausu kerfi. Hvert og eitt ríki ber ábyrgð að því að tryggja velferð sína og afkomu. Raunhyggjusinnar telja að ekki sé ráðlegt að ríki treysti einhverjum öðrum fyrir öryggi sínu og afkomu eins og til dæmis alþjóðlegum stofnunum. Raunhyggjusinnar hafa því ekki trú á að alþjóðastofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar virki til að viðhalda friði (Dunne og Schmidt 2014, 100–101).

## **1.2 Formgerðarraunhyggja og valdajafnvægi**

Frá því um 1970 hefur vinna raunhyggjusinna byggst að mestu leyti á hugmyndum Kenneth Waltz um formgerð alþjóðakerfisins (Lamy 2014, 127). Samkvæmt Waltz er hlutverk alþjóðakenninga að útskýra lögmál stjórn mála í alþjóðakerfinu og endurtekna hegðun ríkja (Burchill og Linklater 2005, 11). Formgerðarraunhyggjusinnar telja að alþjóðastjórn mála séu í eðli sínu barátta um völd en hafnar því að sé vegna mannlegs eðlis. Telur hún að milliríkjadeilur verði vegna formgerðar alþjóðakerfisins og skorts á yfirvaldi sem nær yfir valdasvið ríkjanna innan þess (Lamy 2014, 127; Donally 2005, 31).

Eins og áður hefur komið fram leiðir stjórnleysi alþjóðakerfisins til þess að ríki leita fyrst og fremst eftir því að tryggja eigið öryggi. Samkvæmt formgerðarraunhyggju þýðir þetta að það er alltaf í forgangi hjá ríkjum að hámarka velferð sína og forðast það að verða fyrir árás, verða hertekið eða misnotað af öðrum ríkjum (Lawson 2013, 21). Þessir þættir hafa áhrif á mótun utanríkisstefnu hvers ríkis, til dæmis hvort þau myndi bandalög með öðrum ríkjum innan kerfisins til að bregðast við ógnunum eða til að nýta sér tækifæri til að styrkja stöðu sína (Halliday 2005, 25).

Skrefin sem ríki taka til að auka öryggi sitt í stjórnlausum kringumstæðum kerfisins leiða til þess að hagsmunum annarra ríkja er stefnt í hættu. Formgerðarraunhyggjusinnar kalla þetta fyrirbæri „undirliggjandi harmleik stjórnmála heimsins“. Þetta þýðir að stefna sem ríki tekur til að hervæðast dregur úr strategískri stöðu annarra ríkja. Það verður til þess að hin ríkin reyna einnig að bæta hag sinn til að dragast ekki aftur úr og með því missir fyrra ríkið yfirburðina sem það hafði áunnið sér. Öryggiskreppa (e. security dilemma) skapast sem lýsir sér í því að ríkin eru verr sett en í upphafi (Lawson 2013, 21; Donally 2005, 37–38) .

Pótt öryggiskreppa eigi það til að leiða af sér vopnakaþhlaup, vantraust og fjandskap milli ríkja þá leiðir hún ekki endilega af sér stríð. Formgerðarraunhyggjusinnar velta því fyrir sér undir hvaða kringumstæðum milliríkjastríð brjótast út (Elman og Jensen 2013, 19). Sumir fræðimenn halda því fram að milliríkjastríð sé að hægt að útskýra með samanburði á hlutfallslegum völdum ríkja á meðan aðrir telja milliríkjastríð stafa af ástæðunum fyrir því að ríki afla sér vopna, til dæmis hvort þau auki hæfni sína til að geta ráðist á önnur ríki eða til þess að varist hættum. Enn aðrir fræðimenn telja líkurnar á því að stríð brjótist út stafa af dreifingu valds milli ríkja innan alþjóðakerfisins, þ.e. hvort stríð sé líklegra að brjótast út í margpóla (e. multipolar) eða tvíþóla (e. bipolar) kerfi. Upphaflega átti umræðan aðeins við alþjóðakerfið í heild sinni en á seinni árum hefur hún verið yfirfærð á svæðisbundin ríkjakerfi, líkt og Mið-Austurlönd (Lawson 2013, 22, Elman og Jensen 2013, 19).

Valdajafnvægi er annað hugtak sem formgerðarraunhyggjusinnar fást við. Hugtakið vísar til þess gangverks (e. mechanism) sem á sér stað þegar ríki vinna saman og mynda bandalög til að vernda sjálfstæði sitt gegn ríkjum sem leitast eftir því að ná yfirráðum og gerast oddríki (e. hegemonic state) í alþjóðakerfinu (Haynes o.fl., 2011, 700). Þetta gangverk viðheldur jafnvægi valds og tryggir að ekkert eitt ríki eða ríkjabandalag ráði yfir öllum öðrum (Dunne og Schmidt 2014, 101; Donally 2005, 36).

Fræðimenn á sviði alþjóðasamskipta í Mið-Austurlöndum hafa veitt okkur heilmikla þekkingu og skilning á því hvernig ríki reyna að viðhalda valdajafnvægi í kerfinu. Sem dæmi má nefna að Stephen Walt hefur sýnt fram á að ríki innan arabaheimsins reyna oftast að koma í veg fyrir það að eitthvert eitt ríki öðlist yfirráðandi stöðu á svæðinu. Það hefur til dæmis ekki tekist að sameina arabaríkin undir einni leiðtoga þrátt fyrir mikinn áróður (Lawson 2013, 23).

Formgerðarraunhyggjusinnar gera ráð fyrir því að ríki myndi bandalög ef slík samvinna sé talin bæta getu þeirra til að vernda þau frá óvinum eða til að auka öryggi og völd sín. Slíkt samstarf getur samt falið í sér gríðarlegan fórnarkostnað og valdið hömlun á frelsi

ríkisins. Erfitt getur reynst að samræma samskipti við óvini og bandamenn samtímis og ákvarðanir sem teknar eru til að styrkja bandalög geta haft í för með sér ókosti. Annars vegar geta slíkar ákvarðanir auðveldað bandamanninum að draga ríkið út í átök sem það hefur engan áhuga á að taka þátt í. Hins vegar geta tilraunir ríkis til að bæta samskipti sín við óvinaríki valdið því að bandamenn ríkisins yfirgefi það. Tilvik sem þessi hafa verið rannsökuð í Mið-Austurlöndum (Lawson 2013, 23–24).

### 1.3 Raunhyggjukenningar og Mið-Austurlönd

Raunhyggjusinnar leitast eftir því að útskýra hlutverk kerfisins og ríkjanna innan þess. Þetta er nálgun sem einblínir á öryggi og háværkun valds. Eins og áður hefur verið nefnt þá eru ríki gerendur sem vilja hámarka hag sinn í hinu stjórnlausa alþjóðakerfi. Þessi kenning á því vel við þegar skoðaðar eru utanríkisstefnur ríkja og hvernig ríki mynda bandalög á grundvelli ógna og tækifæra. Raunhyggjukenningar hafa samt sem áður takmarkanir, til dæmis veita þær hugmyndafræði og trúarbrögðum litla athygli og lágmarka mikilvæga þætti innan ríkja og samfélaga, til dæmis efnahagsmál (Halliday 2005, 25).

Verjendur raunhyggjunnar benda á að þótt kenningin útskýri kannski ekki nægilega vel samskipti milli þróaðra ríkja, þar sem samfélög eru opnari og samvinnuþýðari, þá nái hún með nákvæmari hætti að útskýra samskipti Mið-Austurlanda. Raunhyggjukeningum tekst betur að skýra hegðun einræðisríkja sem treysta ekki hvert öðru, þar sem stríðsástand er stöðugt og ráðamenn hafa sífelldar áhyggjur af völdum og öryggi ríkis síns (Halliday 2005, 25–26).

Í bókinni *The Foreign Policies of Middle East States* talar Raymond Hinnebusch um tempraða útgáfu raunhyggju. Hinnebusch er einn þeirra fræðimanna sem telur að ríki Mið-Austurlanda séu aðalgerendurnir í utanríkisstefnu og að ráðmenn þeirra reyni alltaf að hámarka sjálfræði og öryggi ríkisins. Hann telur einnig að hið stjórnlausa alþjóðakerfi hafi myndað djúpstætt óöryggi og valdabaráttu milli ríkja. Mið-Austurlönd eru eitt þeirra ríkjakerfa þar sem stjórnleysi er hvað mest áberandi. Á svæðinu eru mörg varanleg átök í gangi, til dæmis milli arabaríkjanna og Ísraels. Hinnebusch heldur því fram að ríkin varðveiti styrk ríkisins með valdajafnvægi sem leiðir af sér núverandi ríkjaskipulag (Hinnebusch 2002, 1).

Samkvæmt formgerðarraunhyggjunni er ríkjakerfi, og þá sérstaklega dreifing valds innan þess, úrslitaatriði fyrir hegðun ríkja. Hegðun ríkjanna innan ríkjakerfis Mið-Austurlanda hefur verið margvísleg. Upphaflega var meginmunurinn á utanríkisstefnu Mið-Austurlanda hvort löndin vildu halda í óbreytt ástand (e. status quo) eða voru endurskoðunarsinnar (e.

revisionist) og vildu breyta núverandi ástandi. Endurskoðunarstefna var landlæg og á rætur sínar að rekja til uppreisnarhópa sem vildu endurheimta landsvæði sem þeir töldu réttilega vera sín (e. irredentism). Stefnan var einnig svar við afskiptum vestrænna ríkja á svæðinu þar sem ríki tjáðu óánægju sína í gegnum til dæmis hugmyndafræði pan-arabisma eða íslamisma (Hinnebusch 2002, 18). Pan-arabismi er þjóðernisstefna sem myndaðist í lok níttjándu aldar en stefnan leggur áherslu á menningarlega og pólitíska sameiningu (e. unity) araba (Britannica 2011). Íslamismi er hins vegar bæði trúarleg og pólitísk hreyfing sem má rekja til íhaldsamra trúarskoðana innan íslam. Þær fela í sér að íslam sé ekki aðeins trúbrögð heldur einnig pólitískt kerfi sem múslimaríki ættu að tileinka sér. Hreyfingin leggur áherslu á sameiningu allra múslima (Haynes o.fl., 2011, 710). Þessi öfl voru sérstaklega sterk í veikum og klofnum ríkjum. Þau ríki þar sem framangreindar hugmyndastefnur náðu fótfestu ógnuðu öðrum ríkjum sem vildu halda í óbreytt ástand. Oftast var þeim ríkjum stjórnað af landeigendum eða kaupsýslumönnum sem voru í samstarfi við Vesturlönd og leituðu því þangað eftir aðstoð til að verjast nágrannalöndum sínum sem vildu breytingar (Hinnebusch 2002, 18).

Samkvæmt Hinnebusch er utanríkisstefna ríkja afurð samspils milli innanlandsþarfa þeirra og kerfisins sem ríkin vinna í. Jafnvel þótt öfl innanlands taki þátt í að móta markmið og utanríkisstefnu ríkja þá er það samt sem áður alltaf valdastaða ríkjanna sem ákvarðar hvað þau geta gert, samkvæmt raunhyggjunni. Þótt ríki vilji ávallt stækka og verða valdameiri þá er öryggi þeirra alltaf mikilvægast. Þess vegna eru þau viljug til að ganga til liðs við ríki þótt þau deili ekki endilega sömu hugmyndafræði. Þau markmið sem sett eru til að halda tilvist ríkisins er þannig alltaf haldið ofar en einhverri hugmyndafræði (Hinnebusch 2002, 19). Hugmyndafræði og innanríkisstjórnsmál hafa vissulega áhrif á utanríkismál ríkja en líkt og hugmyndir raunhyggjunnar gefa til kynna þá eru það alltaf hagsmunir ríkisins sem ráða ferðinni við mótun utanríkisstefnu þeirra.

#### **1.4 Staðgenglastríð**

Karl Deutsch skilgreindi staðgenglastríð sem „alþjóðleg átök milli tveggja erlendra velda sem fara fram á landsvæði þriðja ríkis; dulbúin sem átök innri vandamála þess ríkis; þar sem mannaflí, bjargir og umráðasvæði ríkisins eru nýtt af erlendu veldunum í þeim tilgangi að ná fram markmiðum og áætlunum þeirra í utanríkismálum<sup>1</sup> (Deutsch 1964, 102). Skilgreining

Deutsch hefur verið gagnrýnd fyrir að einblína of mikið á ríki og líta framhjá hlutverki gerenda sem eru óháðir ríkjum í staðgenglastríðum (Mumford 2013, 13). Staðgenglastríð eru ekki aðeins svæðisbundin stríð sem endurspeglar hugmyndafræðilega baráttu stórvelda heldur eiga þau sér stað þegar einhver þriðji aðili, hvort sem það er vegna hagsmuna hans eða hugmyndafræði, á óbein afskipti af átökum vegna þess að bein afskipti gætu talist óréttlætanagerleg, of kostnaðarsöm eða jafnvel ólögmat (Mumford 2013, 30). Samkvæmt Mumford geta sambönd milli utanaðkomandi þriðja aðila og staðgengils hans tekið á sig ólíkar myndir. Þriðji aðilinn getur ýmist verið ríki eða gerandi óháður ríki, til dæmis hryðjuverkasamtök, herlið eða einkarekinn her. Það sama á við um staðgengilinn. Hann getur bæði verið ríki og gerandi óháður ríki (Mumford 2013, 45). Hér verður þó einblínt á staðgenglastríð sem knúið er áfram af stórveldum sem nota bæði ríki og gerendur sem óháðir eru ríkinu sem staðgengla.

Hugtakið staðgenglastríð kallar fram mynd af kalda stríðinu. Í því nýttu stórveldin, Bandaríkin og Sovétríkin, staðbundin átök í öðrum ríkjum til að auka völd og áhrif sín í heiminum. Á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar varð fjöldi átaka milli skæruliðahreyfinga í Rómönsku-Ameríku í raun að átökum milli þessara tveggja stórvelda. Það sama má segja um átök í Angóla, Tjad og Víetnam. Staðgenglastríð eiga sér oftast stað þegar kostnaður við hefðbundin milliríkjastríð er of hár. Með þessum hætti geta utanaðkomandi stórveldi eða aðrir gerendur haft áhrif án þess að taka beinan þátt í átökum og stofna eigin friði í hættu. Staðgenglastríð eiga sér oftast nær stað í veikum eða brostnum ríkjum (e. failed state). Það er vegna þess að brostin ríki hafa ekki burði til þess að berjast niður uppveisnir án þess að þiggja utanaðkomandi aðstoð. Á sama tíma geta uppveisnarhópar ekki farið gegn stjórnvöldum, jafnvel þótt þau standi höllum fæti, án vopna og stuðnings frá utanaðkomandi aðila. Með þessum hætti skapast aðstæður fyrir utanaðkomandi aðila til að hafa áhrif og tryggja að hagsmuna þeirra sé gætt í átökum innan annarra ríkja (Behner 2015).

Sem fyrr segir eiga staðgenglastríð sér stað þegar þriðji aðili verður óbeinn þátttakandi í átökum vegna þess að hann vill hafa áhrif á útkomu þeirra. Þau grundvallast á sambandi

---

<sup>1</sup> 'an inter-national conflict between two foreign powers, fought out on the soil of a third country; disguised as a conflict over an internal issue of that country; and using some of that country's manpower, resources and territory as a means for achieving preponderantly foreign goals and foreign strategies'.

milli annars vegar aðila sem stendur fyrir utan átökin og veitir stuðning, en sá aðili getur bæði verið ríki eða gerandi óháður ríki, og hins vegar staðgengla (e. proxies) sem þiggja stuðning í formi vopna, fjármagns eða þjálfunar. Þriðji aðilinn gerist þátttakandi í átökunum til þess að hámarka hagsmuni sína með lágmarksáhættu. Í stuttu máli sagt eru staðgenglastríð rökrétt leið fyrir ríki sem leitast eftir því að styrkja sín eigin strategísku markmið án þess að taka þátt með beinum hætti í kostnaðarsömum og blóðugum stríðsátökum. Ef litið er aftur í söguna þá hafa ríki og aðrir aðilar nýtt sér staðbundin átök líkt og borgarastyrjaldir til þess að orsaka breytingu í umhverfi landfræðistjórnmalanna, til dæmis með því að kæfa hugmyndafræði keppinautarins. Þetta gerðist til dæmis í þrjátíu ára stríðinu þar sem Frakkland, sem er ríki mótmælenda, og Spánn, þar sem íbúar eru kaþólikkar, mynduðu bandalög með ríkjum sem aðhylltust sömu trú (Mumford 2013, 11–12).

Aðilar sem hafa óbein afskipti af innri átökum ríkja nota fyrst og fremst staðgengla sem nú þegar eru í stríði. Aðilarnir grípa inn í átökin til að styrkja hagsmuni sína og útbreiða þá hugmyndafræði sem þeir standa fyrir (Mumford 2013, 14). Það sem heldur staðgenglastríðum gangandi er því ekki aðeins gremja meðal heimafólks, þó svo að upptök átakanna megi ef til vill rekja til þeirra, heldur er það boðskapur þriðja aðilans. Heimamenn sem taka þátt í staðgenglastríðum aðlaga með tímanum boðskap sinn að boðskapi utanaðkomandi aðilans sem veitir þeim stuðning. Þetta getur leitt þess að uppreisnarhópar keppi um stuðning stórveldanna. Á tímum kalda stríðsins var þetta sjáanlegt þar sem hugmyndafræði kommúnista og kapítalisma tókst á. Bandaríkin og Sovétríkin áttu erfitt að halda í bandamenn sína og hugmyndafræðileg afstaða þeirra breyttist eftir því hvort stórveldið bauð betri samning. Sem dæmi má nefna þegar Bandaríkin drógu úr fjárhagsaðstoð til Níkaragva og Kúbu þá urðu ríkin vingjarnlegri gagnvart Sovétríkjunum og mun móttækilegri fyrir hugmyndafræði kommúnista. Það sama má segja um Assad Sýrlandsforseta sem hefur gert út á það að Sýrland sé ríki sem stendur gegn súnni-öfugaöflum til þess að hljóta hernaðaraðstoð frá Rússlandi og Íran (Beehner 2015).

Þegar stórveldi grípa inn í staðbundin (e. local) átök og breyta þeim í staðgenglastríð er voðinn vís. Slíkar aðgerðir af hálfu stórvelda geta haft hrikalegar afleiðingar. Átök innan ríkisins verða mannskæðari og endast lengur en ella þar sem stuðningur stórveldanna í formi vopna og fjármagns gerir andstæðum fylkingum kleift að berjast lengur. Þó svo að staðgenglastríð séu oftast staðsett í smærri ríkjum þýðir það ekki að þau séu ekki jafn mannskæð og önnur stríð. Þvert á móti þá tvístra slík átök stríðshráðum ríkjum í tvennt og það getur haft hrikalegar afleiðingar (McManus 2014).

## 2 Svæðisbundnar utanríkisstefnur

Greining utanríkisstefnu er undirgrein alþjóðasamskipta. Utanríkisstefna er mikilvægur liður í tilveru, hegðun og stjórnskipulagi allra þjóðríkja. Á undanförunum árum hafa utanríkisstefnur ríkja orðið mikilvægari þáttur þar sem milliríkjasamskipti eru sífellt að verða flóknari. Hnattvæðing hefur meðal annars fært aukinn þunga á vægi utanríkisstefnu allra ríkja (Zarif 2014). Samkvæmt Hinnesbuch getur verið gagnlegt að skoða mótun utanríkisstefna ríkja í Mið-Austurlöndum út frá því hvernig ráðamenn glíma við þrýsting og ógnir frá þremur víddum umhverfis þeirra; innlendu, svæðisbundnu og alþjóðlegu umhverfi. Hér verður einblínt á svæðisbundna umhverfið (Hinnebusch 2002, 2).

Í þessum kafla er greint frá svæðisbundnum utanríkisstefnum Sádí-Arabíu og Írans. Byrjað verður á því að skoða svæðisbundna utanríkisstefnu Sádí-Arabíu. Fjallað verður um hlutverk Sádí-Arabíu í Mið-Austurlöndum í heild sinni en svo verður einblínt á hlutverk ríkisins í nærumhverfi sínu, á Arabíuskaganum. Greint verður frá þeim hagsmunum sem Sádí-Arabar leitast eftir að tryggja á svæðinu og með hvaða hætti þeir beita sér við að tryggja þá hagsmuni. Næst verður athyglinni beint að svæðisbundinni utanríkisstefnu Írans. Farið verður yfir breytingarnar á utanríkisstefnu ríkisins sem komu í kjölfar írönsku byltingarinnar árið 1979. Byltingin markar tímamót í stjórnmalasögu landsins en Íran sem áður hafði verið bandamaður Bandaríkjanna og Sádí-Arabíu snerist gegn þeim og varð eftir byltinguna mótfallið öllum afskiptum vestrænna ríkja í Mið-Austurlöndum. Að lokum verður skoðað hvernig utanríkisstefnur ríkjanna tveggja, sem eru bæði ráðandi vald í Mið-Austurlöndum, stangast á. Ríkin tvö berjast hvort við annað um völd og áhrif og hefur þessi barátta leitt til þess að staðgenglastríð hafa sprottið upp víða um svæðið. Fjallað verður um hvaða ástæður liggja að baki þessum átökum og afleiðingar þeirra ræddar stuttlega.

### 2.1 Sádí-Arabía

Konungsríkið Sádí-Arabía er byggt á landvinningum Al-Sád fjölskyldunnar en ríkið samanstendur af fjórum landsvæðum sem öll tilheyrðu áður aðskildum ríkjum eða konungsveldum. Upphaflega náði ríki Sádí-Araba aðeins yfir Nadj-héraðið sem er staðsett í Mið-Arabíu og byggðist upp á átjándu og nítjándu öld (Wynbrandt 2010, 143–144). Í upphafi tuttugustu aldarinnar hóf stofnandi nútíma Sádí-Arabíu, Abd al-Aziz Ibn Abd al-Rahman Al Saud, betur þekktur sem Ibn Saud, að styrkja ítök sín og þenja út konungsveldið. Þensla veldisins hófst fyrir alvöru árið 1939. Þá lagði Abd al-Aziz undir sig Al-Ahas-héraðið í austurhluta landsins og hafði þar með aðgang að Persaflóanum og ríkustu olíuauðlindum heimsins. Árið 1926 lagði svo Abd al-Aziz undir sig Hijaz-héraðið en landsvæðið er mikils



virði bæði vegna þess að það liggur að Rauðahafinu og það inniheldur tvær helgustu borgir íslams, Mekku og Medínu. Að auki yfirtók hann fjallahéraðið Asir árið 1934, en það er staðsett á suðvesturhorni ríkisins og tilheyrði áður Jemen (Al-Rasheed 2010, 37–38; Gause III 2014, 193–194). Öll þessi ólíku landsvæði hafa varðveitt sínar svæðisbundnu sjálfsmyndir (e. regional identities) sem gerir yfirvöldum í Sádi-Arabíu erfiðara fyrir að reikna út yfirvofandi ógnir. Þessi fjölbreytta samsetning Sádi-Arabíu skapar þannig vissa hættu fyrir ríkið þar sem auðveldara verður fyrir utanaðkomandi nágrannaríki, sem hafa að geyma sömu menningarhópa, að skapa óstöðugleika innan ríkisins (Gause III 2014, 193–194; Cordesman 2003, 13).

Sádi-Arabía er hernaðarlega veikt ríki í samanburði við nágrannalönd sín. Íbúar landsins eru einnig tiltölulega fáir, til dæmis miðað við íbúafjölda Egyptalands, Tyrklands og Írans. Þrátt fyrir lítinn íbúafjölda er efnahagskerfi Sádi-Arabíu það stærsta í arabaheiminum hvað varðar landframleiðslu á hvern íbúa. Ríkið er jafnframt stærsti framleiðandi og útflutningsaðili olíu í heiminum og situr á um fjórðungi þeirra olíuauðlinda sem fundist hafa hingað til. Þar sem tvær helgustu borgir íslam eru staðsettar í Saudí-Arabíu lítur ríkið svo á að það gegni sérstöku leiðtogahlutverki í heimi múslima (Gause III 2014, 185; Cordesman 2003, 12–13, 24).

### **2.1.1 Svæðisbundin utanríkisstefna Sádi-Arabíu**

Eitt grundvallarmarkmið utanríkisstefnu Sádi-Arabíu er að vernda landið frá innrás eða yfirráðum erlendra ríkja og viðhalda innri stöðugleika. Stefna Sádi-Arabíu í utanríkismálum er eitt þeirra verkfæra sem notað er til að viðhalda yfirráðum konungsfjölskyldunnar og byggja upp ríkið. Vinnan sem felst í því að ná þessum markmiðum er margslungin þar sem ríkið þarf að taka tillit til margra mismunandi stiga (e. level) samtímis (Gause III 2014, 185; Cordesman 2003, 19).

Í fyrsta lagi þarf ríkið að huga að hlutverki sínu á hinu alþjóðlega stigi, sem felst í bandalagi Sádi-Arabíu við Bandaríkin og stöðu þess sem olíuríki. Í öðru lagi þarf ríkið að taka tillit til hlutverk síns á svæðisbundnu stigi Mið-Austurlanda. Þar gegnir Sádi-Arabía því hlutverki að viðhalda því fyrirkomulagi valdajafnvægis sem er nú til staðar, gegn ágengni valdamikilla nágrannaríkja. Í þriðja lagi þá starfar Sádi-Arabía á stigi Arabíuskagans. Þar er markmið ríkisins að viðhalda hlutverki sínu sem ráðandi vald gagnvart Jemen og hinum konungsríkjunum á skaganum. Að samþætta hlutverk ríkisins á þessum ólíku stigum getur reynst erfitt. Gjörðir ríkisins á einu stigi geta til dæmis skapað vandamál á öðru. Sem dæmi má nefna samband þeirra við Bandaríkin, sem hefur bæði verið gagnrýnt innanlands og af

nágrannaríkjum og oft sett ríkið í erfiða stöðu. Ríkið hefur hagnast mikið á bandalagi sínu við Bandaríkin, bæði hernaðarlega og efnahagslega en á sama tíma hefur bandalagið gert ríkið viðkvæmt fyrir árásum nágrannaríkja sinna (Gause III, 185–186).

Hér verður athyglinni beint að svæðisbundinni utanríkisstefnu Sádí-Arabíu og skoðað hvaða hlutverki ríkið gegnir í Mið-Austurlöndum og í nærumhverfi sínu, Arabíuskaganum.

### 2.1.2 Sádí-Arabía og Mið-Austurlönd

Í Mið-Austurlöndum er Sádí-Arabía hernaðarlega veikt ríki sem leitast eftir því að viðhalda sjálfstæði sínu og sjálfræði með því að reyna að koma í veg fyrir að önnur ríki á svæðinu nái að verða ríkjandi (e. hegemonic) vald. Á Arabíuskaganum felst aftur á móti hlutverk Sádí-Arabíu í þeirri staðhæfingu ríkisins að það sé ráðandi vald gagnvart Jemen og hinum minni konungsríkjum skagans, sem saman mynda Samstarfsráð Arabaríkjanna við Persaflóa (e. Gulf Cooperation Council eða GCC) (Gause III 2014, 189). Í þessum kafla verður vikið að stöðu og markmiðum utanríkisstefnu Sádí-Arabíu í Mið-Austurlöndum almennt.

Ólík pólitísk, menningarleg og trúarleg einkenni íbúa Sádí-Arabíu, til dæmis arabismi og íslamismi, hafa mikil áhrif á stjórn málaumhverfi ríkisins og gera mótun utanríkisstefnu ríkisins oft erfiða viðfangs. Pólitískar hreyfingar spretta gjarnan upp í kringum ofangreind einkenni og gera þannig Sádí-Arabíu erfiðara að reikna út yfirvofandi ógnir og breytingu á valdi en valdajafnvægiskenningar gera ráð fyrir. Ríkið þarf því ekki aðeins að bregðast við tilfærslu á hernaðarlegu og efnahagslegu valdi hjá nágrönnum sínum heldur einnig pólitískum ógnum sem draga í efa lögmæti yfirvalds þess innanlands. Í því skyni má nefna að utanaðkomandi leiðtogar, sem halda því fram að þeir séu fulltrúar araba eða múslima, geta höfðað til íbúa Sádí-Arabíu. Íbúarnir geta jafnvel viljað hafa þessa sjálfskipuðu leiðtoga sem yfirvald ríkisins, frekar en Al-Sád fjölskylduna. Hætta getur þannig skapast á því að íbúar risi upp gegn stjórnvöldum og þrýsti á þau til að segja af sér (Cordesman 2003, 35, 161–162; Gause III 2014, 190). Þar sem að hin arabísku og íslömsku einkenni eru mjög sterk meðal íbúa Sádí-Arabíu getur myndast ósætti ef ríkið bregður stefnu sinni of langt frá þeim hugmyndum sem tengjast þessum einkennum, þá sérstaklega í málefnum sem tengjast Ísrael og samskiptum Sádí-Arabíu við Bandaríkin (Gause III 2014, 190; Cordesman 2003, 23).

Hættur, sem sprottið hafa upp úr þverþjóðlegum einkennum og ógnað öryggi Sádí-Arabíu, hafa komið úr ýmsum áttum, þar á meðal frá konungsríkjum Hashemíta í Írak og Transjórdaníu. Þessi ógn stóð yfir frá þriðja áratugi til upphafs sjötta áratugar síðustu aldar. Hashemíta-konungsríkið stjórnaði áður Hejaz-héraðinu en missti það í hendur Al-Sád ríkisins árið 1926 og er héraðið í dag hluti af landsvæði Sádí-Arabíu. Sádí-Arabar voru mótfallnir

áformum Hashemíta um sameiningu allra araba og litu á ráðagerð þeirra sem ógn við öryggi ríkisins. Sádí-Arabar vildu bæði koma í veg fyrir að Hashemítar yrðu valdameiri í Mið-Austurlöndum og vernda yfirráð sín innanlands (Gause III 2014, 190; Britannica 2016a). Þá voru Sádí-Arabar einnig andsnúnir þjóðernishreyfingu Gamal Abdul Nasser um miðja tuttugustu öldina en Nasser vildi líkt og Hashemítar sameina arabaríkin. Sádí-Arabía leit á velgengni Nassars sem ógn, þar sem Egyptaland var orðið valdameira og vegna þess að stefna Nasser höfðaði til íbúa Sádí-Arabíu sem aðhylltust hugmyndir pan-arabisma (Cordesman 2003, 16). Það sama má segja um viðhorf Sádí-Arabíu til stjórnarbyltingar Írans. Byltingin var ekki aðeins svæðisbundin ógn við Sádí-Arabíu heldur ógnaði hún einnig stöðugleika innan ríkisins þar sem að Ayatollah Ruhollah Khomeini, þáverandi æðsti klerkur Íran og leiðtogi byltingarinnar, ásaði múslimsku konungsríkin um að hafa ekki íslamskt stjórnarfar og fyrir að hafa ekki stjórnskipan sem samræmdist íslam. Þetta leiddi meðal annars til þess að minnihlutahópar sjíta í austurhluta landsins, þar sem mestu olíuauðlindirnar liggja, gerðu uppreisn gegn Al-Sád ríkinu (Gause III 2014, 190; Mason 2015, 93; Cordesman 2003, 44). Þá gerði Saddam Hussein einnig tilraun til að draga úr lögmæti Sádí-Arabíu með svipuðum hætti og Íran, nema hann notaði einnig hugmyndafræði arabisma sem verkfæri til að reyna virkja íbúa Sádí-Arabíu til að rísa gegn ríkisvaldinu (Gause III 2014, 190).

Þetta tvíþætta eðli þeirra ógna sem Sádí-Arabía stendur frammi fyrir, hefðbundið og hugmyndafræðilegt, hefur oft og tíðum gert ákvarðanir ríkisins í utanríkismálum flóknari. Sádí-Arabar þurfa ekki aðeins að huga að hlutverki sínu sem ríki sem viðheldur valdajafnvægi á svæðinu heldur þurfa þeir einnig einbeita sér að því að viðhalda stöðugleika innanlands með því að uppræta hugsanlegar ógnir þar. Þverþjóðlegu einkennin, arabismi og íslamismi, takmarka frelsi Sádí-Arabíu til athafna og koma oft í veg fyrir að ríkið geti beitt hefðbundnu valdajafnvægis herbragði. Þótt Ísrael hefði verið góður bandamaður gegn Hashemítunum, Nasser, Íran og Saddam Hussein, þá getur Sádí-Arabía ekki átt í neinu opinberu samstarfi við Ísrael vegna hugsanlegra viðbragða innanlands og í nágrannaríkjunum (Gause III 2014, 191).

Það er þó ekki rétt að líta á þessi þverþjóðlegu einkenni í Mið-Austurlöndum aðeins sem ógn við ríkið, þar sem Al-Sád ríkinu hefur einnig tekist að nota þessi einkenni sér í hag. Einkum hefur ríkið reynt að höfða til hins trúarlega einkennis þar sem Sádí-Arabía er álitid af mörgum sem eins konar leiðtogi múslima. Ríkið hefur þannig nýtt þetta sjálfskipaða leiðtogahlutverk til að efla utanríkisstefnu sína (Ministry of Foreign Affairs of Saudi Arabia 2016). Þegar til dæmis Nasser ógnaði ríkinu með pan-arabisma þá sögðust Sádí-Arabar vera mótfallnir því að sameina araba heldur væri réttast að sameina alla múslima. Þannig

undistrikuðu Sádí-Arabar að grundvallaratriði stjórn málasvæðisins ætti að vera íslam, þ.e. trúin en ekki þjóðernið. Þetta gerðu Sádí-Arabar til að draga inn í deiluna múslimaríki eins og Íran og Tyrkland þar sem íbúar eru ekki arabar. Þá var Sádí-Arabía einnig í nánun samstarfi við íslamskar mótsþyrnuhreyfingar í Egyptalandi til að grafa undan valdi Nassers. Með slíku millipjóðlegu samstarfi tryggir ríkið sér stuðning við utanríkisstefnu sína frá utanaðkomandi aðilum (Gause III 2014, 191–192).

### 2.1.3 Sádí-Arabía og Arabíuskaginn

Eins og áður hefur komið fram þá er eitt meginhlutverk Sádí-Arabíu að viðhalda valdajafnvægi í Mið-Austurlöndum en ríkið gegnir annars konar hlutverki á Arabíuskaganum. Þar miðast utanríkisstefna ríkisins einna helst við að ná fram einu grundvallaratriði sem felst í því að koma í veg fyrir að ríkin þar komist í valdastöðu og geti haft einhver raunveruleg áhrif. Stjórnvöld leggja allt sitt af mörkum til að vera ráðandi vald í utanríkisstarfi sínu við smærri konungsríkin á skaganum (Kúveit, Barein, Katar, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Óman) og Jemen. Sádí-Arabía lítur á forystu sína á skaganum sem náttúrulegt ástand og telur að ef hefði ekki verið fyrir afskipti Bretanna á þessu svæði í upphafi tuttugustu aldarinnar þá hefðu Sádí-Arabar yfirráð yfir öllu þessu landsvæði í dag. Sádí-Aröbum hefur tekist vel að viðhalda valdi sínu á svæðinu og má það meðal annars sjá í stofnun Samstarfsráðs Arabaríkanna við Persaflóa þar sem yfirburðir ríkisins eru áberandi (Gause III 2014, 192; Braude 2016).

Konungsríkin hafa þó ekki alltaf viðurkennt leiðtogahlutverkið sem Sádí-Arabía telur sig gegna en eftir ógnirnar sem steðjuðu að þeim frá írönsku byltingunni viðurkenndu þau fyrst formlega yfirvald Sádí-Araba. Á friðartímum hafa konungsríkin þó verið líklegari til að reyna að efla sjálfstæði sitt en almennt séð draga þau vald Sádí-Araba ekki í efa, þrátt fyrir að slík dæmi hafi komið upp, sérstaklega í kjölfar arabíska vorsins árið 2011, bæði í Katar og Barein (Gause III 2014, 192–193; BBC News 2013a).

Það hefur reynst Sádí-Aröbum erfiðara að hafa stjórn á Jemen, sérstaklega eftir sameiningu norður og suðurhluta ríkisins árið 1990 en þá eignuðust Sádí-Arabar fyrst verðugan keppinaut á svæðinu, sérstaklega hvað íbúafjölda varðar. Eftir stjórnarbyltinguna í Jemen árið 1960, sem þá var tvö ríki, breyttust ríkin í lýðveldi og hafa allt frá því verið tortryggin í samskiptum við konungsríki Sádí-Araba. Bæði ríkin leituðu eftir því að fá utankomandi hjálp til að stilla óheft vald Sádí-Araba. Eftir sameiningu Jemens í eitt ríki hélt það áfram samstarfi sínu við Írak og neitaði að styðja bandalag þeirra arabaríkja sem voru mótfallin innrásinni í Kúveit, þar sem bandalagið var leitt áfram af Sádí-Arabíu. Sádí-Arabar

hafa þó náð að viðhalda einhverjum ítökum í Jemen, til dæmis með því að veita ríkisstjórninni fjárhagsaðstoð, en þó tókst þeim ekki að koma í veg fyrir sameininguna. Í kjölfar arabíska vorsins hefur Sádi-Arabía náð sér aftur á strik og náð auknum völdum yfir Jemen, aðallega þá eftir að ríkið hafði milligöngu um samning sem leiddi til uppsagnar forseta Jemens, Ali Abudullah Saleh (Gause III 2014, 193; Salisbury 2015, 3; Whitaker 2011).

## 2.2 Íran

Íran er staðsett í Suðvestur-Asíu og er stór hluti landsvæðis þess þakið eyðimörk. Ríkið hét áður Persía en fékk núverandi nafn sitt, Íran, árið 1935. Íbúar landsins samanstanda af margvíslegum þjóðflokkum. Vegna strategískrar staðsetningar og ríkulegra náttúruauðlinda eins og olíu hefur Íran lengi spilað mikilvægt hlutverk í Mið-Austurlöndum. Uppgötvun olíu í byrjun tuttugustu aldarinnar vakti athygli alþjóðlegra stórvelda, sérstaklega Bretlands og Rússlands. Í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar hófu Bandaríkjamenn að sýna olíuauðlindum í Íran áhuga. Árið 1953 hjálpuðu Bandaríkjamenn og Bretar við skipulagningu á valdaráni gegn forætisráðherra Írans, Mohammed Mosaddeq. Markmið valdaránsins var að koma keisaranum, Mohammed Reza Pahlavi, til valda en hann var hlynntur stefnu vestrænna afla á svæðinu. Valdaránið heppnaðist og með tímanum jukust ítök Bandaríkjanna í Íran. Með þeirra hjálp varð Íran sterkasta hernaðarríki Mið-Austurlanda (Britannica 2016b; CBC News 2009).

Samstarf Írana og Bandaríkjamanna átti þó ekki eftir að vera farsælt. Ekki voru allir ánægðir með þá hröðu Vesturlanda- og veraldahyggjuvæðingu sem átti sér stað undir stjórn Pahlavi. Ónægja meðal íbúa óx og leiddi til stjórnarbyltingar árið 1979 þar sem Pahlavi var hrakinn frá völdum (CBC News 2009). Í kjölfar stjórnarbyltingarinnar var Íslamska lýðveldið Íran stofnað og Ayatollah Ruhollah Khomeini varð leiðtogi ríkisins. Hið nýstofnaða lýðveldi raskaði svæðisbundnu skipulagi Mið-Austurlanda og hefur frá því að byltingunni lauk spilað lykilhlutverk í þróun stjórn málaumhverfis Mið-Austurlanda (Ehteshami 2014, 261).

### 2.2.1 Megineinkenni utanríkisstefnu Írans eftir byltinguna

Utanríkisstefna verður sífellt mikilvægari þáttur fyrir þjóðríki heimsins þar sem milliríkjasamskipti hafa aukist og orðið flóknari í hinum hnattræna heimi. Íran er þar engin undantekning og frá því að lýðveldið var stofnað hefur það þurft að takast á við þær áskoranir sem fylgja aukinni hnattvæðingu (Zarif 2014).

Utanríkisstefna Írans er afurð margra ólíkra þátta og jafnvel samkeppninnar milli þeirra. Þessir þættir eru skynjun leiðtoga ríkisins gagnvart ógnum sem steðja að ríkinu og gagnvart stjórnvöldum, arfleifð hugmyndafræði íslömsku byltingarinnar í Íran,

langtímahagsmunir ríkisins og samskipti stjórnvalda Írans við ólíka stjórnmalaflokka og kjördæmi.

Leiðtogar Írans, þar á meðal æðsti klerkurinn Ayatollah Ali Khamenei, skynja Bandaríkin og bandamenn þeirra á svæðinu sem ógn við þjóðarhagsmunum ríkisins. Þeir halda því fram að Bandaríkin hafi aldrei sætt sig við írönsku byltinguna og telja að Bandaríkjamenn séu að reyna umbylta stjórnvöldum með því að styðja við mótspyrnu hópa innan landsteina Írans. Þá halda leiðtogar Írans því enn fremur fram að viðvera Bandaríkjahers í Persaflóa og nágrennaríkjum Írans endurspegli fjandskap þess gagnvart Íran (Katzman 2016, 1).

Hugmyndafræði írönsku byltingarinnar hefur enn mikil áhrif á utanríkisstefnu ríkisins. Klerkarnir í Íran litu svo á að keisaraveldið hefði bælt niður íslam og eftir byltinguna var sett á fót klerkaveldi þar sem þjóðarleiðtoginn var æðsti klerkur ríkisins og byggði embætti hans bæði á pólitísku og trúarlegu valdi. Eftir að byltingunni lauk í Íran reyndi ríkið að koma af stað byltingum í nágrennaríkjum sínum. Íranar töldu að þeir þyrftu að breyta valdauppbyggingu Mið-Austurlanda og koma til hjálpar þeim hópum sem höfðu orðið undir vegna yfirgangs Bandaríkjamanna á svæðinu, til dæmis Palestínumönnum og sjíta-múslimum sem eru í mörgum ríkjum undirokaður minnihlutahópur (Katzman 2016, 1; Halliday 2001, 46).

Þjóðarhagsmunir Írans hafa einnig áhrif á utanríkisstefnu þess. Hagsmunir ríkisins stangast stundum á við hugmyndafræði þess, til dæmis hefur það komið fyrir að Íranar dragi úr aðstoð sinni við sjíta-múslima til að verja eigin hagsmuni. Þrátt fyrir fjandsemi Írana gagnvart bandamönnum Bandaríkjanna hefur ríkið leitast við að taka þátt í viðskiptum við þá sem ríkið hagnast á.

Að lokum hafa ólíkir hópar og valdaklíkur innbyrðis áhrif á utanríkisstefnu Írans, til dæmis hafa verið deilur milli æðsta klerks ríkisins, Ayatollah Ali Khamenei, sem þykir vera róttækur og íhaldssamur, og forseta ríkisins, Hassan Rouhani. En hugmyndir forsetans eru hófsamari og hafa markmið hans í embætti verið að mynda sátt við óvinaríki og fá viðskiptabönnum aflétt (Katzman 2016, 2–3).

Landfræðistjórnmal eru afgerandi fyrir utanríkisstefnu Írans. Ríkið, sem áður var leikvöllur erlendra stórvelda, umbreyttist undir Pahlavi-keisaraveldinu á tuttugustu öldinni í mikilvægt vald í Mið-Austurlöndum sem verndaði vestræna hagsmuni. Þetta breyttist eftir að byltingarsinnar steypu keisaranum af valdastóli en eftir byltinguna varð meginmarkmið Írans að vernda sjálfstæði sitt gegn áhrifum Vesturlanda. Landfræðileg staðsetning Írans hefur í

gegnum aldirnar haft lykiláhrif á utanríkismál ríkisins en það er staðsett í miðri Evrasíu. Staðsetningin hefur gert ríkið berskjaldað fyrir valdabaráttu og ráðabruggi utanaðkomandi stórvelda. Þetta hefur leitt til þess að Íran skynjar afskipti erlendra afla sem ógn og því ýtt undir myndun þjóðernishyggju innan ríkisins. Ríkið er því mjög tortryggið gagnvart hvers konar afskiptum stórvelda, sérstaklega vestrænum afskiptum, ekki aðeins innanlands heldur einnig í nágrannaríkjum þess (Ehteshami 2014, 263–264).

Eftir byltinguna varð Íran sjálfstætt lýðveldi sem var ekki í neinu formlegu bandalagi við önnur ríki og sleit öllu samstarfi við Bandaríkin. Ríkið var samt sem áður enn óvarið gagnvart alþjóðakerfinu og þar af leiðandi efnahagsþvingunum líkt og viðskiptabönnum. Á sama tíma og staða Írans hefur styrkst og áhrif ríkisins aukist, hafa efnahagslegir og félagslegir innviðir þess haldist veikir. Það má meðal annars rekja til öflugs viðskiptabanns sem sett var á af Bandaríkjunum og seinna Evrópusambandinu og öryggisráði Sameinuðu þjóðanna (Ehteshami 2014, 261–262).

Á tímabilinu 2010–2016 hefur því utanríkisstefna ríkisins einna helst beinst að því að fá aflétt alþjóðlegum viðskiptabönnum sem hafa hvílt þungt á efnahag landsins. Kjarnorkusamningur milli Írans og stórveldanna Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Þýskalands og Kína, sem byrjað var að innleiða í janúar 2016, getur haft mikil áhrif á utanríkisstefnu ríkisins (Katzman 2016, 7). Samningurinn felur í sér að Íran minnkar úranotkun svo mikið að ekki er möguleiki fyrir ríkið að framleiða kjarnorkuvopn og nægja úranbirgðir Írans aðeins til framleiðslu á orku. Í staðinn aflétta Bandaríkin, Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið viðskiptatakmörkunum á Íran. Ríkið mun þannig fá aðgang að heimsmarkaðinum á ný og getur það haft gríðarlega mikil áhrif á efnahag ríkisins (RÚV 2016).

### **2.2.2 Trúarleg og byltingarkennd og utanríkisstefna**

Ayatollah Ruhollah Khomeini leiðtogi byltingarinnar og fyrrum æðsti klerkur (e. supreme leader) lagði fyrst og fremst áherslu á að utanríkisstefna Írans væri íslömsk. Áhersla á að ríkið yrði klerkaveldi (e. theocracy) voru viðbrögð gegn Pahlavi-keisaraveldinu sem var bæði einræðisríki og veraldlegt (e. secular) ríki. Til að tryggja valdastöðu sína þurfti Khomeini að búa til utanaðkomandi óvin bæði íslams og Írans. Bandaríkin voru tilvalin vegna fyrri samskipta ríkjanna tveggja. Atburðarásin, sem átti sér stað eftir að Bandaríkjunum var stillt upp sem óvini, leiddi til gíslatökunnar í bandaríska sendiráðinu í Tehran. Þetta var upphaf svokallaðra andstöðustjórn mála (e. resistance politics) í Íran og hafði mikil áhrif á örlög þess á alþjóðavettvangi (Mason 2015, 18–19). Íran lítur svo á að það heimsskipulag sem er nú við

lýði og það alþjóðakerfi sem fylgir í kjölfarið sé ekki við hæfi og eigi að vera endurskoðað. Því er litið á Íran sem endurskoðunarríki (e. revisionist state) þar sem það vill breytingar á alþjóðakerfinu og er andstæða svokallaðra kyrrstöðu ríkja sem vilja halda ástandinu óbreyttu (Ehteshami 2014, 268).

Sumir sérfræðingar segja markmið utanríkisstefnu Írans miða að því að bylta valdauppbyggingu Mið-Austurlanda sem Íran telur hagnast Bandaríkjunum og bandamönnum þess á svæðinu, þ.e. Sádi-Arabíu og öðrum súnníta-arabaríkjum, auk Ísraels. Íran segir stuðning sinn við sjíta-múslima og aðrar íslamskar hreyfingar aðeins vera stuðning við undirokaða samfélagshópa (Katzman 2016).

Íranar nota hvoru tveggja; hefðbundnar aðferðir og aðferðir sem taldar eru vafasamar við framkvæmd utanríkisstefnu sinnar. Líkt og önnur ríki notar Íran ríkiserindrekstur (e. diplomacy) til að koma hagsmunum sínum og gildum á framfæri. Aðrar aðferðir telja sum ríki, sérstaklega Bandaríkin, vafasamari, til dæmis veitir Íran uppreisnarhópum beinan efnislegan stuðning og hafa sumir þessara hópa notað hryðjuverkaárásir sem aðferð til að ógna Ísrael og öðrum óvínaríkjum Íran. Stjórnvöld hafa meðal annars verið ásökuð um að styrkja hryðjuverkahópa á Gaza í Palestínu og samtökin Hezbollah í Líbanon. Þá hefur stuðningur Írana við ríki þar sem sjítar sitja við stjórnvöld, til dæmis í Írak og Sírlandi, ýtt undir gremju súnníta og út frá henni hafa uppreisnarhópar myndast og fengið aukinn stuðning (Katzman 2016, 7; Bruno 2011).

### **2.2.3 Svæðisbundin utanríkisstefna Írans**

Framkvæmd utanríkisstefnu Írans, sem snýr að Mið-Austurlöndum, hefur miðast að því að draga úr umsvifum Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra á svæðinu og aðstoð við minnihlutahópa sjíta í ríkjum þar sem súnnítar eru í meirihluta. Stuðningur Írana við sjíta hefur orsakað spennu milli þessara tveggja trúarhópa sem hefur brotist út í staðgengilsstríðum við Sádi-Arabíu sem styður, andstætt Írónum, súnníta (Katzman 2016, 7).

Utanríkisstefna Írans gagnvart ríkjum við Persaflóa er margslungin en Íran hefur 1.770 km langa strandlengju sem snýr að Persaflóa. Önnur ríki sem liggja að Persaflóa eru Sádi-Arabía, Kúveit, Barein, Katar, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Óman. Þau mynda saman Samstarfsráð Arabaríkjanna við Persaflóa og í gegnum tíðina hafa þau haft lykiláhrif á mótun utanríkisstefnu Írans. Stjórnvöldum allra þessara ríkja er stýrt af súnnítum og vinna þau í miklum mæli eftir stefnu Bandaríkjamanna gagnvart Íran og hefur Bandaríkjaher bæði aðstöðu og aðbúnað í þessum ríkjum. Aðstaða Bandaríkjahers í ríkjum hefur hamlandi áhrif á getu Írans til að gera árásir eða auka umsvif sín í ríkjum samstarfsráðsins. Ríki



samstarfsráðsins stunda þó hefðbundin viðskipti við Íran en á sama tíma hafa nokkur þeirra skipulagt uppsetningu olíuleiðsla til þess að komast hjá því að fara í gegnum Hormuz-sund (e. Strait of Hormuz). Með þessum hætti draga ríkin úr valdi Írans til að ógna lífsviðurværi þeirra. Helsti keppinautur Írans um völd og áhrif í Mið-Austurlöndum er Sádi-Arabía. Íran heldur því fram að Sádi-Arabar séu að reyna gera súnní-islam að ráðandi trú Mið-Austurlanda og séu markvisst að reyna að draga úr áhrifum sjíta-ríkisstjórna á svæðinu (Katzman 2016, 7–8; Molavi 2015).

Utanríkisstefna Írans gagnvart Írak og Sýrlandi hefur falist í því að styðja við ríkisstjórnir þeirra sem leiddar eru af sjíta-múslimum. Þessi stefna hefur gert Ríki Íslams, hryðjuverkasamtökum sem rekin eru af róttækum súnníta-múslimum, erfiðara um vik. Íran og Bandaríkin hafa unnið samhliða en þó hvort í sínu lagi að því að styrkja ríkisstjórn Íraks gegn samtökunum. Það sama er ekki hægt að segja um Sýrland, en ólíkt Bandaríkjunum styður Íran við bakið á Bashar al-Assad, núverandi forseta ríkisins (Katzman 2016, 12).

Stefna Írans gagnvart ríki Ísraels er skýr. Íran lítur á Ísrael sem ólöglegt sköpunarverk Vesturlanda og kúgara Palestínumanna og annarra múslima og hefur Khamenei líkt ríkinu við krabbameinsæxli sem verði að fjarlægja. Fjandsemi Írans gagnvart Ísrael birtist skýrt í þeim stuðningi sem ríkið veitir vopnuðum samtökum, líkt og Hamas og Hezbollah, sem staðsett eru við landamæri Ísrael og hafa ítrekað framkvæmt árásir gegn ríkinu (Katzman 2016, 16; Mason 2015, 94–95; Simon 2010).

### **2.3 Íran og Sádi-Arabía**

Ófriður ríkir í stórum hluta Mið-Austurlanda og borgarastríð geisa víða um svæðið. Mörg þessara átaka hafa dregist á langinn vegna baráttu Sádi-Arabíu og Írans um áhrif á svæðinu. Íran og Sádi-Arabía eru tvö valdamestu ríki Mið-Austurlanda og hafa lengi keppt hvort við annað um yfirráð á landsvæðinu (McManus 2014). Ríkin líta á hvort annað sem óvin og eru læst inni í stigmagnandi samkeppni um áhrif og yfirráð í Mið-Austurlöndum. Ríkin styðja bæði við bakið á andstæðum fylkingum innan fjölda ríkja svæðisins. Valdasamkeppni Írana og Sádi-Araba er lykilþáttur í fjölda átaka í Mið-Austurlöndum og vaxandi spennu milli súnníta- og sjíta-múslima (Fisher 2016).

Í þessum kafla er valdabaráttan milli stórveldanna tveggja skoðuð. Byrjað verður á því að rekja upphaf ágreinings milli ríkjanna allt frá írönsku byltingunni árið 1979 og þá atburði sem fylgdu í kjölfar hennar. Þar á eftir eru þau ágreiningsatriði útlistuð sem ýta undir spennu milli ríkjanna. Að lokum eru skoðuð átök í löndum sem hafa orðið fyrir áhrifum af valdabaráttu ríkjanna og hlutverk Írana og Sádi-Araba í þeim.

### 2.3.1 Upphaf ágreinings

Sádi-Arabía og Íran hafa verið á skjön hvort við annað allt frá stjórnarbyltingunni í Íran. Síðan þá hafa ríkin tvö keppt um yfirráð á alþjóðlega orkumarkaðinum, þróun í kjarnorkutækni og um pólitísk áhrif í ríkjunum við Persaflóa og fyrir botni Miðjarðarhafs. Íran og Sádi-Arabía hafa lengi keppt sem tveir meiriháttar olíuframleiðendur og sem sjálfskipaðir verjendur sjíta- eða súnníta-múslima. En deilurnar milli ríkjanna stafa að miklu leyti af ágreiningi milli þessara tveggja megintrúarhópa innan íslam. Fram að írönsku byltingunni var samkeppni ríkjanna stjórnað af Bandaríkjunum sem var mikilvægur bandamaður þeirra beggja (Milani 2011). Bandaríkin höfðu myndað og framfylgt ákveðinni stefnu í samskiptum sínum við Mið-Austurlönd sem kallast tveggja turna stefna (e. Twin Pillar Policy). Stefnan miðaðist að því að styrkja svæðisbundna bandamenn þeirra í Mið-Austurlöndum til að hindra uppgang sovéskra afla á svæðinu án beinnar hernaðarþátttöku Bandaríkjamanna. Íran og Sádi-Arabía vernduðu með þessum hætti hagsmuni Bandaríkjanna í Persaflóa (Althunayyan 2014; Iddon 2016).

Eftir að íranska keisaranum var stept af stóli og sambandi við Bandaríkin slitíð óttuðust stjórnvöld Sádi-Arabíu nýjan leiðtoga Írans, Ayatollah Ruhollah Khomeini, og þá einna helst ummæli hans sem fordæmdu konungsríki þeirra fyrir að vera andstætt gildum íslam og áætlun hans um að breiða byltingu um arabaheiminn. Eftir byltinguna hélt Sádi-Arabía stöðu sinni sem bandamaður Bandaríkjanna á meðan Íran varð svarinn fjandmaður þeirra (Milani 2011).

Samband ríkjanna tveggja versnaði í kjölfar stríðsins milli Íraks og Írans sem stóð yfir á árunum 1980–1988, en Sádi-Arabía veitti stjórnvöldum í Írak mikinn fjárhagslegan stuðning í stríðinu. Arabíska vorið hafði einnig neikvæð áhrif á samskipti ríkjanna (Terrill 2011, 1). Arabíska vorið var lýðræðisbyltingin sem gekk yfir Mið-Austurlönd og Norður-Afríku árið 2011 þar sem borgarar mótmæltu og gerðu uppreisnir gegn ólýðræðislegum stjórnvöldum. Byltingin var mikið áhyggjuefni fyrir bæði Sádi-Arabíu og Íran þar sem hún skapaði mikinn óstöðugleika bæði innan ríkjanna og í nágrannaríkjum þeirra. Samhliða arabíska vorinu fór fjandskapur að aukast milli Sádi-Arabíu og Írans (Guzansky 2015, 110).

### 2.3.2 Ágreiningsatriði

Sádi-Arabía og Íran eru mjög ólík ríki og samkeppnin milli þeirra drifin áfram af hugmyndafræðilegum og landfræðipólitískum ágreiningi sem einkum verður áberandi á tímum umróta. Sádi-Arabía er sem dæmi konungsríki, sem stjórnað er af súnníta-múslimum og íbúar ríkisins eru arabar. Stefna ríkisins miðar að því að viðhalda núverandi ástandi í

Persaflóa og eru Sádí-Arabar í nánu samstarfi við smærri konungsríkin til að ná þessu markmiði í gegnum Samstarfsráð Arabaríkjanna við Persaflóa. Sádí-Arabar gegna leiðandi hlutverki í því samstarfi og eru höfuðstöðvarnar staðsettar í Riyadh, höfuðborg ríkisins. Í ljósi þess að leiðtogar Sádí-Arabíu vilja viðhalda núverandi ástandi er þeim illa við að lýðræði fái aukið vægi og breiði úr sér um svæðið. Þeir óttast þann möguleika að róttæk, frjálsslynd eða popúlísk öfl komist til valda í arabísku konungsríkjunum og öðrum íhaldsömum ríkjum Mið-Austurlanda. Al-Sád konungsfjölskyldan vinnur einnig hart að því að viðhalda núverandi skipulagi á stjórnkerfi landsins og hefur verið treg til að deila valdi sínu með þeim stofnunum sem kosnar eru (Terrill 2011, 2).

Íran sækist hins vegar eftir því að breyta núverandi ástandi í Mið-Austurlöndum og þá sérstaklega í konungsríkjunum sem eru í samstarfi við Bandaríkin. Þá eru þjóðernishópar ríkjanna ekki þeir sömu, en í Íran mynda Persar meirihluta íbúa. Báðir þessir þættir hafa mikil áhrif á samskipti Írans við Sádí-Arabíu og önnur arabaríki sem aðhyllast súnní-túlkun á íslamstrú. Mörg vandamál má rekja til þessarar ólíku þjóðernis- og trúarskiptingu ríkjanna og hefur hún mikil áhrif á stefnumótun þeirra í innanríkis- og utanríkismálum. Sádí-Arabía er mjög íhaldssamt samfélag og aðhyllist meginþorri íbúa ríkisins stranga túlkun á íslamstrú sem kallast wahabbismi. Sádí-Arabar sýna öðrum túlkunum á íslam ekki umburðarlyndi og óttast aukið vald sjíta-múslima í Mið-Austurlöndum. Aftur á móti heldur Íran því fram opinberlega að þessi skipting innan íslam skipti ríkið ekki máli. Það er þó ekki í samræmi við aðgerðir Írans því ríkið styður oftast nær við bakið á sjíta-hreyfingum þegar til átaka kemur milli þessara tveggja trúarhópa (Terrill 2011, 3).

Það má því segja að trúarbrögð spili stóran þátt í þeim deilum sem eiga sér stað í Mið-Austurlöndum og undanfarið hafa átök milli mismunandi trúarhópa orðið áberandi í mörgum múslimaríkjum á svæðinu. Stórveldin Íran og Sádí-Arabía hafa í raun nýtt sér þennan ágreining milli súnníta- og sjíta-múslima til að auka völd sín og áhrif. Þessi aldargamli ágreiningur milli tveggja megintrúarhópa íslamstrúar hefur þannig leitt til átaka. Þótt klofningurinn innan íslam útskýri ekki endilega þá pólitísku, efnahagslegu og landfræðilegu þætti sem snerta átök í Mið-Austurlöndum, þá er mikilvægt að skilja hann til að átta sig spennunni sem ríkir milli súnníta og sjíta og með hvaða hætti Íran og Sádí-Arabía hafa ítrekað notað þennan klofning til að auka umsvif sín í Mið-Austurlöndum (Council on Foreign Relations 2016).

### 2.3.3 Kalda stríð Írans og Sádí-Arabíu

Eins og áður hefur komið fram þá hafa átök milli súnníta- og sjíta-múslima aukist mikið á undanförunum árum. Deilurnar halda áfram að stigmagnast og hópar öfgafullra múslima styrkjast. Þvert yfir Mið-Austurlönd hafa myndast átök og uppspretta þeirra virðist oftast nær tengjast með einhverjum hætti þessum trúarlega klofningi innan íslam. Þá eiga Sádí-Arabía og Íran oftast en ekki afskipti af þeim (Nasr 2016). Afskipti stórvelda af svæðisbundnum átökum geta leitt af sér svokölluð staðgenglastríð. Slík stríð verða oft mannskæðari en hefðbundin borgarastríð þar sem andstæðar fylkingar fá stuðning frá stórveldum sem veita þeim aðgang að háþrúðum vopnum (McManus 2014).

Staðgenglastríð hafa sprottið upp víða um Mið-Austurlönd vegna afskipta Írans og Sádí-Arabíu af svæðisbundnum átökum milli ólíkra trúarhópa. Ríki eins og Írak, Líbanon, Síryland og Jemen hafa öll orðið fyrir beinum áhrifum af valdabaráttu stórveldanna tveggja. Átök þar hafa dregist langinn og orðið mannskæðari en ella. Í fjölda ára hefur keppnin milli Sádí-Arabíu og Írans espað upp ofbeldi á svæðum þar sem stríð hafa geisað og skapað nýja vígvelli þar sem friður ríkti áður (Fraihat 2016). Samhliða staðgenglastríðunum fjölgar hópum af vopnuðum vígamönnum sem hafa það að markmiði að hreinsa til í heimi múslima og undirbúa endurkomu Messíasar. Þessi aukni ágreiningur trúarhópanna hefur gert þeim kleift að vaxa ört og veitt þverþjóðlegum jihad-samtökum aukinn byr í seglin (Council on Foreign Relations 2016).

Í valdabaráttunni hafa ríkin tekið þátt í fjölda staðgenglastríða með það að markmiði að draga úr valdi andstæðingsins. Íran er með staðgengla víða á sínum snærum. Í Líbanon styðja Íranar við samtökin Hezbollah en meirihluti Líbana eru sjíta-múslimar, líkt og Íranar. Íran styður einnig við sjíta-stjórn Assad Sírylandsforseta. Enn fremur veitir Íran sjíta-ríkisstjórninni í Írak stuðning en stjórn málaöfl í Írak skiptast eftir trúarlegum línunum. Togstreitan milli þessa stjórn málaafla var að hluta til þess að hryðjuverkasamtökin Ríki íslams náðu fótfestu í ríkinu. Íran vinnur að því að grafa undan stjórnvöldum í Barein og í héruðum í austurhluta Sádí-Arabíu með því að virkja sjíta-samfélögin á svæðinu (Fisher 2016; Aljazeera 2015a).

Trúarbrögð eru þó ekki undirrót þessara átaka þrátt fyrir að þau skiptist eftir trúarlegum línunum. Lykilþáttur þeirra er valdabaráttu stórveldanna sem hafa nýtt sér sjíta-súnníta skiptinguna sér í hag. Þessir tveir megintrúarhópar innan íslam hafa í gegnum tíðina lifað nokkurn veginn í sátt og samlyndi. Þetta breyttist árið 2003 eftir innrás Bandaríkjanna í Írak. Eftir að Saddam Hussein var steipt af stóli raskaðist valdajafnvægi Mið-Austurlanda og

tómarúm myndaðist. Sádí-Arabía og Íran sáu þá bæði tækifæri til að auka áhrif sín. Þar sem sjítar mynda meirihluta íbúa Íraks notfærði Íran trúarskiptingu ríkisins sér í hag og studdi við sjíta til að koma hagsmunum Írana á framfæri. Íran ýtti einnig á hina nýju sjíta-ríkisstjórn sem mynduð var til að þjóna hagsmunum Írana. Þegar arabíska vorið breiddi úr sér og hóf að kollvarpa stjórnvöldum þvert yfir Mið-Austurlönd gerðu bæði Íranar og Sádí-Arabar tilraunir til að fylla upp í þau tómarúm sem mynduðust. Þetta þýddi oftar en ekki að bæði ríkin studdu við ofbeldi og vísvitandi að kynda undir spennu milli súnníta og sjíta (Fisher 2016).

Kjarnorkusamningurinn milli Írana og stórveldanna (Bandaríkjanna, Kína, Þýskalands, Frakklands og Rússlands) sem var undirritaður 16. janúar á þessu ári hefur aukið spennuna enn frekar milli Írans og Sádí-Arabíu. Samningurinn felur í sér að gegn því að Íran hætti að auðga úran muni viðamiklum viðskiptatakmörkunum verða aflétt af ríkinu. Þetta opnar leið fyrir stóraukin samskipti og viðskipti Írans við umheiminn (RÚV 2016) og gerir ríkinu kleift að verða virkur meðlimur í alþjóðasamfélaginu á ný. Samningurinn mun einnig koma til með að styrkja stöðu Írans í Mið-Austurlöndum. Arabaríkin á svæðinu hafa lýst yfir áhyggjum sínum af bættri valdastöðu sem samningurinn veitir Írönum (Naji 2016). Yfirvöld í Sádí-Arabíu hafa sérstaklega miklar áhyggjur af samningnum því í honum felst að Íran fær að selja olíu á alþjóðamarkaðinum, en eins og áður hefur komið fram þá eru stórveldin tvö kappsamir olíuframleiðendur (Ayoob 2016). Þrátt fyrir að markmið samningsins hafi verið að skapa stöðugleika og koma í veg fyrir kjarnorkuvopnakauphlaup þá hefur það ekki orðið raunin. Áhyggjur og ótti Sádí-Araba yfir bættri valdastöðu Írana í Mið-Austurlöndum og útbreiðslu sjíta-afla hefur þvert á móti blásið spennuna milli ríkjanna (Riedel 2016). Í byrjun árs var sem dæmi sjíta-klerkur, sem jafnframt var pólitískur aktivisti, Sheikh Nimr Al-Nimr, tekinn af lífi af stjórnvöldum Sádí-Arabíu. Þetta leiddi þess að hópur Írana gerði árás á sendiráð Sádí-Araba í Tehran. Hörð viðbrögð Írana vegna aftöku sjíta-klerksins gáfu Sádí-Aröbum og bandamönnum þeirra afsökun til að slíta öllum diplómatískum samskiptum við Íran (Ayoob 2016).

### 3 Jemen

Í þessum hluta ritgerðarinnar er fjallað um borgarastríðið í Jemen. Átökin sem nú standa nú yfir í Jemen hafa leitt til þess að milljónir manna hafa neyðst til að flýja heimili sín og þúsundir hafa látið lífið. Í meira en ár hefur Jemen, fátækasta land Mið-Austurlanda, verið lagt í rúst vegna blóðugra átaka milli uppreisnarmanna Húta og stuðningsmanna ríkisstjórnar Jemens, sem er viðurkennt yfirvald ríkisins af alþjóðasamfélaginu. Í janúar 2016 höfðu um 8.000 manns látið lífið og meira en 2,4 milljónir flúið heimili sín. Þá er talið að um 80% íbúa landsins búi við neyð og skort. Báðir aðilar hafa gerst sekir um að brjóta á mannréttindum og drepa óbreytta borgara (Aljazeera 2016; RÚV 2015a).

Borgarastyrjöldin í Jemen ber mörg einkenni staðgenglastríðs enda er það víðtæk skoðun sérfræðinga að borgarastyrjöldin sé í raun staðgenglastríð Sádí-Araba og Írana. Hér verður því farið í að útskýra aðdraganda átakanna sem eiga sér nú stað í Jemen og það hvaða hlutverkum svæðisbundnu stórveldin tvö gegna í þeim. Þá er mikilvægt að átta sig á sögu og stjórn málaumhverfi Jemens. Það verður því byrjað á því að fjalla um sögulegan bakgrunn ríkisins. Því næst er aðdragandi borgarastríðsins skoðaður og þeir hópar sem eru þátttakendur í átökunum kynntir til leiks. Að lokum er fjallað um hagsmuni Sádí-Araba og Írana í Jemen, sem gætu útskýrt íhlutun þeirra í borgarastyrjöldinni og með hvaða hætti borgarastyrjöldin þróaðist út í það að vera staðgenglastríð milli svæðisbundnu stórveldanna.

#### 3.1 Sögulegur bakgrunnur

Jemen er staðsett á suðvesturhorni Arabíuskagans en Jemen þýðir „suður“ á arabísku. Landamæri Jemens í norðri liggja að Sádí-Arabíu en í austri að Óman. Aden-flói umlykur suðurstrandlengju ríkisins og Rauðahafið vesturstrandlengju þess (Britannica 2016d). Í dag er Jemen fátækasta ríki Mið-Austurlanda en landið var í margar aldir miðdepill siðmenningar og ríkidóms Arabíuskagans. Landfræðileg staðsetning Jemens hefur haft mikil áhrif á sögu, menningu og efnahag landsins í gegnum tíðina (Britannica 2016c). Vinsælar verslunarleiðir lágu í gegnum Rauðahafið, alveg frá Spáni og til hafnarborga á Indlandi og í Kína. Jemen varð því þungamiðja verslunar og menningar. Sanaa, höfuðborg Jemen, og hafnarborgin Aden, urðu á miðöldum mikilvægar miðstöðvar fyrir verslun á vefnaðarvörum og kryddum (Tharoor 2010).

Stjórn málaumhverfi Jemens tók umskiptum á 19. öld þegar afskipti erlendra stórvelda fóru að aukast. Þegar ríki Ottómana þandist út þá lagði ríkið undir sig stóran hluta Arabíuskagans, þar á meðal borgirnar Mekku, Medínu og Sanaa. Bretar hófu einnig afskipti af

Jemen þegar hermenn bresku krúnunnar náðu hafnarborginni Aden á sitt vald árið 1932. Staðsetning borgarinnar var mikilvæg fyrir Breti, enda tengdi hún saman Evrópu og nýlendur Breti á Indlandi. Ottómanar og Bretar gerðu samkomulag sín á milli um landamæri Jemens og þar með skiptist landsvæðið í tvö aðskilin ríki, Norður-Jemen og Suður-Jemen (Tharoor 2010). Ottómanar réðu yfir Norður-Jemen þar til veldi þeirra féll í fyrri heimsstyrjöldinni. Þá öðlaðist Norður-Jemen sjálfstæði og ímamiinn Yahiah varð leiðtogi ríkisins. Suður-Jemen var nýlenda breska heimsveldisins til ársins 1967 en ríkið fékk þá sjálfstæði eftir tíðar uppreisnir heimamanna gegn nýlenduherunum um nokkurra ára skeið (Britannica 2016c; Hodgman 2011; BBC News 2015a).

Á tímum kalda stríðsins komust kommúnistar til valda í Suður-Jemen og mynduðu bandalag með Sovétríkjunum, Kína og Kúbu. Sovétríkin tók yfir þjálfun hersins í Suður-Jemen og varð Aden bækistöð fyrir sovéska flotann. Norður-Jemen stafaði ógn af kommúnistunum í Suður-Jemen, meðal annars vegna þess að ríkið veitti uppreisnarhópum í Norður-Jemen vopn og fjármagn til að auka umsvif sín. Mikill ríður myndaðist milli ríkjanna og brutust út átök á milli þeirra árið 1979 (Hodgman 2011; BBC News 2015a).

Þrátt fyrir ágreining milli Suður- og Norður-Jemen tókst að koma á friðsælum samskiptum á milli ríkjanna eftir fall Sovétríkjanna. Ríkin voru sameinuð í eitt ríki árið 1990 þegar Lýðveldið Jemen var stofnað. Ali Abdullah Saleh varð sama ár forseti yfir hinu nýstofnaða ríki en Saleh hafði verið forseti í Norður-Jemen frá árinu 1978. Með sameiningu ríkjanna tókst þó ekki að koma á pólitískum stöðugleika og enn ríkir mikill óróleiki í Jemen og hafa átök verið tíð milli ólíkra hópa innan ríkisins (Globalis 2015).

Stjórnvöldum í Jemen hefur í raun aldrei tekist almennilega að sameina íbúa landsins og ríkisstjórnin hefur aldrei verið álitin lögmæt af öllum hinum fjölmörgu hópum innan ríkisins. Árið 1994, fjórum árum eftir sameininguna, braust til dæmis út borgarastyrjöld í Jemen. Aðskilnaðarsinnar í suðurhluta ríkisins, sem kalla sig Al-Hirak hreyfinguna, gerðu tilraun til kljúfa ríkið í sundur. Meðlimir Al-Hirak hreyfingarinnar upplifa sig sem undirokaðan hóp (e. marginalized) og telja rödd sína ekki fá nægilegan hljómgrunn á vettvangi stjórnmalanna. Uppreisnin árið 1994 markaði upphaf baráttu Al-Hirak hreyfingarinnar fyrir aukinni sjálfsstjórn og jafnvel algjörum aðskilnaði (Laub 2016).

Trúarlegur ágreiningur hefur sérstaklega litað stjórnmalumhverfi ríkisins. Íslam náði til Jemen á sjöttu öld en á þeim tíma hearnundu valdamiklir kalífar stóran hluta Mið-Austurlanda og var Jemen engin undantekning (Tharoor 2011). Upp frá því hafa íbúar Jemens verið múslimar og er íslam ríkistrú Jemens. Meirihluti íbúa ríkisins eru súnnítar sem aðhyllast

sjafíta (e. Shafiites) túlkun á íslam en sjítar, sem eru í minnihluta, fylgja trúarstefnu sem kallast zaidismi (Britannica 2016e).

Trúartúlkun zaidisma varð að ríkjandi stjórnmalastefnu í fjallendum norðurhluta Jemens eftir að ímamar lögðu undir sig landsvæðið og komu þar á klerkaveldi. Ímamar eru leiðtogar sjíta-múslima en sjítar líta svo að á afkomendur spámansins geti einir verið réttmætir leiðtogar múslima. Stjórnkerfi zaida leið undir lok eftir að ímaminum var stept af valdastóli af hernum árið 1962, eftir nær þúsund ára valdatíð. Valdaránið, sem leiddi til átta ára borgarastyrjaldar, hefur skapað mikla gremju innan zaidi ættflokka sem nú upplifa sig valdalausá gagnvart auknum áhrifum súnníta (Hodgman 2011; Al-Shamahi 2014).

Árið 2004 fór Húti-hreyfingin að gera vart við sig með uppreisnum gegn stjórnvöldum. Átök milli stjórnvalda og Húti-hreyfingarinnar hafa upp frá því verið tíðar. Samtök Húta voru stofnuð snemma á níunda áratug síðustu aldar. Þetta var trúarleg hreyfing og meðlimir hennar töluðu þá fyrir friði og umburðarlyndi. Í dag er hún í þungamiðju blóðugra átaka. Hútar eru hluti af uppreisnarsamtökum sem heita opinberlega *Ansar Allah* eða Skæruliðar Guðs. Hreyfingin er tengd Zaidi-söfnuði múslima sem mynda um þriðjung íbúa landsins. Húti-fylkingin er bandalag ættbálka sem vilja breyta stjórnkerfi landsins og endurvekja ættbálkaveldið. Nafn fylkingarinnar er dregið af fyrrum leiðtoga hópsins, Hussein Badr al-Din al-Houthi. Hann leiddi fyrstu uppreisn Hútanna gegn yfirvöldum þar sem krafist var aukins sjálfstæðis í Saada-héraðinu sem er þeirra heimaslóðir. Eftir að stjórnarherinn felldi al-Houthi í lok árs 2004 tók fjölskylda hans að sér að leiða byltinguna sem endaði með vopnahléi árið 2010 (Aljazeera 2015a; Milani 2015).

Stefna fyrrum forseta Jemens, Saleh, virðist aðeins hafa miðað að því að styrkja stöðu hans frekar en að koma á stöðugu og lýðræðislegu stjórnálaumhverfi. Tíminn eftir sameininguna hefur því einkennst af spillingu og efnahagsferfiðleikum. Þá hefur landfræðileg skipting Jemens og klofningur milli trúarbragða og ættflokksamfélaga haft mikil áhrif á pólitík landsins (Tharoor 2011; Britannica 2016c).

Óstöðugleiki, veik stjórnun, spilling, gjörnýting náttúruauðlinda og lélegir innviðir eru allt þættir sem hafa komið í veg fyrir uppbyggingu Jemens (BBC News 2015b). Í fjölda ára hafa bæði erlendir og innlendir álitsgjafar varað við því að stigmögnun á ofbeldi í Jemen geti í raun ógnað framtíð ríkisins (Phillips 2011, 17). Spilling eykst nú með degi hverjum og stjórnvöld virðast valdalítill í baráttunni við uppreisnarhópa, róttæka klerka og ættflokka innan ríkisins. Í dag er Jemen svo veikburða að það á það á hættu að verða svokallað brostið ríki þar sem stjórnvöld hafa lítil tók á stjórnála- og efnahagskerfi landsins (Bruno 2015).



### 3.2 Borgarastríð í Jemen

Eins og áður hefur komið fram hafa spenna og átök lengi einkennt samskipti Suður- og Norður-Jemen. Þrátt fyrir sameiningu ríkjanna tveggja í Lýðveldið Jemen árið 1990 og fjölda tilrauna til að skapa sátt hefur spennan milli landshlutanna viðhaldist allt til dagsins í dag (BBC News 2015a; BBC News 2015c).

Ástandið batnaði ekki eftir að arabíska vorið náði til Jemen í janúar 2011 og þúsundir Jemena flykkust út á götur Sanaa og kröfðust uppsagnar forsetans, Saleh, og lýðræðislegra umbóta á stjórnkerfi landsins. Saleh hafði þá gegnt embætti forseta í yfir þrjú áratugi og hafði með tímanum gerst einvaldur og spilltur. Eftir fjölda mótmæla hét Saleh því að gefa ekki aftur kost á sér sem forseta eftir að kjörtímabilinu lyki árið 2013 en útnefndi son sinn sem eftirmann sinn. Íbúar Jemens höfnuðu þessu og mótmælin héldu áfram. Öryggissveitir brugðust harkalega við og margir óbreyttir borgarar létust eða særðust í mótmælunum. Í nóvember 2011 samþykkti Saleh áætlun Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa um afsögn hans og umbreytingar á ríkisstjórn (Britannica 2016f; CNN 2015). Saleh framseldi völdin til varaforsetans, Abd Rabbuh Mansur Hadi, sem náði kjöri í kosningum sem fóru fram seint í febrúar 2012. Hadi tók þá við embætti lýðræðislega kjörins forseta Jemens, þrátt fyrir að hafa verið eini frambjóðandinn í kosningunum (RÚV 2012).

Það skapaðist þó ekki sátt um Hadi og átök milli ólíkra fylkinga innan ríkisins héldu áfram að stigmagnast. Árið 2013 fóru fram þjóðarfriðarviðræður (e. National Dialogue Conference). Markmiðið með þeim var að semja nýja stjórnarskrá og koma á fót þjóðarráði á grundvelli sambandsríkis (e. federal system). Þjóðarráðið átti að vera skipað fulltrúum úr öllum þjóðfélagshópum landsins frá hinum sex héruðum þess. Hútar höfnuðu þeim tillögum sem fram komu og drógu sig út úr friðarviðræðuferlinu (Aljazeera 2016).

Aðstæður í Jemen hafa ekki batnað eftir að Hadi tók við forsetaembættinu. Baráttan gegn langvarandi fátækt og vannæringu, jihadi-uppreisnarhópum og aðskilnaðarsinum í norðurhluta landsins hefur reynst erfíð. Lýðræðisbreytingar sem íbúarnir kölluðu eftir í arabíska vorinu hafa ekki orðið að veruleika. Í stað ríkir ringulreið og órói í Jemen sem hefur skapað kjöraðstæður fyrir uppreisnarhópa að auka umsvif sín. Hútar, minnihlutahópur sjíta, hafa nú gert uppreisn og lagt undir sig Sanaa og ýtt Hadi frá völdum. Al Kaída á Arabíuskaganum, róttækasti armur Al Kaída, hefur orðið valdameiri og árásir hans orðnar tíðari (CNN 2015; BBC News 2013b).

Stríðið sem nú stendur yfir í Jemen má rekja að miklu leyti til þeirrar ringulreiðar sem skapaðist í kjölfar arabíska vorsins. Þegar fólk streymdi út á götur Sanaa og krafðist

lýðræðisumbóta sáu Hútar kjörið tækifæri til að auka völd sín í Jemen. Hútar sem höfðu áður verið ólýðræðisleg hreyfing gengu til liðs við mótmælendur og kölluðu, líkt og þeir, eftir afsögn þáverandi forseta Jemens, Ali Abdullah Saleh. Hútar nýttu sér með þessum hætti það valdatómarúm sem myndaðist í byltingunni og tókst að þenja út yferráðasvæði sitt. Það má því segja að arabíska vorið hafi í raun verið hálfgerð gjöf til Húta (Malsin 2016; BBC News 2015c; Milani 2015).

Tæpum fjórum árum eftir lýðræðisbyltinguna og þær uppreisnir sem fylgdu henni urðu breytingar á bandalögum innan ríkisins. Öryggissveitir hliðhollar fyrrverandi forseta ríkisins, Saleh, og Hútar hófu þá samstarf gegn sitjandi stjórnvöldum (The New York Times 2015). Saleh hefur nú formlega lýst yfir samstarfi við samtök Húta og sumarið 2014 náðu Hútar, með stuðningi ættflokka og hersveitum hliðhollum Saleh, að leggja undir sig Amran-hérað. Í september sama ár náðu þeir svo höfuðborginni Sanaa á sitt vald. Hútar settu forseta landsins í stofufangelsi og í febrúar 2015 neyddu þeir hann til að segja af sér. Í kjölfarið flúði Hadi til Aden þar sem hann dró uppsögn sína til baka og lýsti því yfir að hann væri enn lögmætur forseti ríkisins. Hútar tóku eftir það að sækja að Aden sem varð til þess að Hadi flúði aftur en í þetta skiptið flúði hann úr landi, til Sádi-Arabíu. Hadi var þar í útlegð þar til hann sneri aftur til Aden til að stýra aðgerðum stjórnarhersins gegn uppreisnarsveitum Húta í september 2015 (Aljazeera 2015b; RÚV 2015b).

Það eru ekki aðeins Hútar sem seilast eftir völdum í Jemen heldur fleiri hópar sem berjast þar um yferráð og áhrif. Á síðustu misserum hafa átök verið á milli nokkurra ólíkra hópa þótt aðalátökin séu á milli sitjandi forseta, Abd Rabbuh Mansur Hadi, og fylkingar Hútanna. Öryggissveitir Jemens hafa tvístrast í tvær fylkingar. Annars vegar þá sem eru hliðhollir Hadi og hins vegar þá sem binda tryggð sína við Húta og forvera Hadi, Ali Abdullah Saleh, sem er enn áhrifamikill í stjórnámálum ríkisins. Hadi nýtur einnig stuðnings frá hersveit andspyrnuhreyfingar alþýðunnar (e. Popular Resistance Committees) sem er staðsett í suðurhluta Jemens þar sem súnnítar mynda meirihluta íbúa (BBC News 2015b).

Hryðjuverkasamtökin Al Kaída á Arabíuskaganum hafa náð að þenja út yferráðasvæði sitt og starfsemi síðastliðin ár en yfirvöld í Jemen og Hútar eru bæði andsnúin þeim. Samtökin hafa gert margar mannskæðar árásir frá höfuðvígum sínum í suðausturhluta Jemens og gerðu til dæmi árás á byggingar stjórnvalda í Aden í apríl 2015. Þar náðu vígamenn samtakanna að frelsa úr fangelsi nokkra aðalleiðtoga Al Kaída. Samtökin hafa nýtt sér glundroðann í ríkinu til að sækja fram (BBC News 2015b; The New York Times 2015). Það sama má segja um Ríki íslams sem er einnig með vígstöðvar í Jemen. Meðlimir samtakanna hafa gert árásir í

Jemen og bera hryðjuverkasamtökin meðal annars ábyrgð á tveimur sjálfsmorðssprengingum í Zaidi-moskum í Sanaa sem urðu um 140 manns að bana (Laub 2016). Þá eru einnig utanaðkomandi öfl að verkum í átökunum í Jemen en um það verður fjallað í næsta kafla.

### 3.3 Staðgenglastríð í Jemen

Landsvæði Jemens hefur í gegnum tíðina skipst milli tveggja trúarhópa innan íslam; sjíta sem búa í norðurhluta ríkisins, og súnníta sem eru meirihluti íbúa Jemens og búa að mestu leyti í suðausturhluta ríkisins (The New York Times 2015). Þessi skipting er mikilvæg í valdabaráttu svæðisbundnu stórveldanna, Sádí-Arabíu og Íran. Stórveldin tvö hafa ýtt undir deilur víða um Mið-Austurlönd með því að styðja við bakið á andstæðum fylkingum en stuðningur þeirra skiptist oft en ekki eftir þessum trúarlegu línunum (Salisbury 2015, 1). Lykilþáttur átaka í Mið-Austurlöndum í dag er spennan milli súnníta- og sjíta-múslima. Átökin í Jemen skiptast eftir þessum trúarlegu línunum þar sem Hútar, sem eru sjítar, berjast gegn stjórnvöldum, sem eru súnnítar. Átökin snúast í raun og veru ekki um trú þó svo að þau brjótist út eftir trúarlegum línunum, heldur er það valdabaraátta Sádí-Araba og Írana sem heldur þessum stríðum gangandi. Ríkin eru bæði guðveldi sem gera tilkall til þess að fulltrúar fyrir sína trúarhópa, Íranar fyrir sjíta og Sádí-Arabar súnníta. Borgarastríðið í Jemen er hluti af „kalda stríði“ þessara tveggja stórvelda (Fisher 2016).

Átökin í Jemen endurspeglar harðvítuga baráttu milli ólíkra trúarhópa og ættflokka, hver og einn með sína umdeildu bandamenn og starfsemi (Milani 2015). Undirrót atakanna í Jemen liggja því ekki í svæðisbundnum átökum stórveldanna heldur er uppruna þeirra að finna í innanlandsdeilum milli gerenda. Þrátt fyrir að uppruna borgarastríðsins í Jemen sé að finna í spennu milli ólíkra hópa innan ríkisins, þá hefur stríðið með tímanum orðið hluti af stærra svæðisbundnu stríði sem snýst ekki aðeins um Jemen. Borgarastríðið hefur þróast út í staðgenglastríð milli Írans og Sádí-Arabíu, í samkeppni þeirra um völd og áhrif í Mið-Austurlöndum (Kasimov 2015).

Bæði Íran og Sádí-Arabía taka virkan þátt í borgarastríðinu í Jemen, ýmist með beinum eða óbeinum hætti. Sádí-Arabía styður við bakið á Hadi, forseta landsins, og telur hann fara með lögmætt yfirvald í Jemen. Sádí-Arabar hafa í samráði við Samstarfsráð Arabaríkjanna við Persaflóa og fleiri arabaríki, hafið loftárásir gegn Hútum. Sádí-Aröbum steðjar mikil ógn af uppgangi Húta þar sem þeir geta raskað þjóðaröryggi ríkisins en ríkin deila 1.770 km löngum landmærum. Bandaríkin styðja við bandalag arabaríkjanna gegn Hútum og hafa tekið þátt í loftárásum gegn þeim og öðrum uppreisnarsveitum, líkt og Al Kaída og Ríki íslams.

Hins vegar er Íran meginbakhjarl fylkinga Húta og hefur ríkið veitt þeim hernaðarlegan og fjárhagslegan stuðning. Bandamenn Írana í Líbanon, Hezbollah, hafa einnig komið Hútum til hjálpar. Stuðningur þessara tveggja svæðisbundnu stórvelda, Írans og Sádí-Arabíu, og bandamanna þeirra hafa gert átökin í Jemen að staðgenglastríði (Aljazeera 2016; Laub 2016).

En af hverju keppast stórveldin svona ákaft um áhrif í Jemen? Það eru margar ástæður fyrir því. Meginástæðan er landfræðileg staðsetning ríkisins en hún er sérstaklega mikilvæg vegna Bab al-Madab sundsins sem er strategískur hlekkur á milli Miðjarðarhafs og Indlandshafs. Sundið liggur milli Jemen, Djibútí og Eritreu. Sundið er ómissandi siglingaleið sem tengir saman Aden-flóa, Rauðahafið og Súez-skurðinn en meirihluti af öllum olíuflutningi heimsins fer í gegnum þessa siglingaleið. Jemen er þannig fjárhagslega mikilvægt ríki fyrir olíuflutning á heimsvísu (BBC News 2015c; Cordesman 2015).

Langtímahagsmunir Írana í Jemen eru einfaldir; staðsetning landsins skiptir mestu máli. Yfirráð yfir Bab al-Madab sundið myndi gera ríkið mjög valdamikið og landamærin sem Jemen deilir með Sádí-Arabíu myndu veita Írönum greiðan aðgang inn í ríkið. Íran getur nýtt sér landfræðilega staðsetningu Jemens í valdabaráttu sinni við Sádí-Arabíu þar sem auðveldara aðgengi að Jemen þýðir auðveldara aðgengi að Sádí-Arabíu (Reardon 2015).

Fyrir Sádí-Arabíu eru miklir hagsmunir í húfi í Jemen. Í gegnum tíðina hefur markmið Sádí-Araba verið að koma í veg fyrir að Jemen verði of sterkt ríki. Í dag hefur þetta snúist algjörlega við og aðaláhbyggjuefni Sádí-Araba er að Jemen verði of veikt og jafnvel brostið ríki. Eins og áður sagði deila Sádí-Arabía og Jemen 1.770 km löngum landamærum (Stenslie 2013). Það er því mikilvægt fyrir Sádí-Araba að hafa hemil á atökunum í Jemen þar sem þau geta skapað óstöðugleika innan Sádí-Arabíu og annarra ríkja á Arabíuskaganum. Vegna óeirðanna sem standa yfir í Jemen hefur myndast þar kjörinn staður fyrir hryðjuverkasamtök, líkt og Al Kaída og Ríki íslams, að þrífast og hafa þau sett upp bækistöðvar víða um landið. Sádí-Aröbum stafar mikil ógn af þessum samtökum en þeir hafa unnið hart að því að hrekja hryðjuverkasamtök úr landi (Cordesman 2015). Af þessum ástæðum hafa Sádí-Arabar veitt yfirvöldum í Jemen stuðning og sjálfir gert loftárásir gegn fylkingum Húta og Al Kaída. Loftárásirnar hafa þó ekki aðeins hitt bækistöðvar Húta heldur hafa þær orðið fjölmörgum óbreyttum borgurum í Jemen að bana. Ban Ki-Moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, hefur fordæmt þessar aðgerðir Sádí-Araba, þar á meðal loftárásirnar sem sprengdu upp spítala sem rekinn var af samtökunum Læknar án landamæra (Nordland 2016).

Jemen er þannig mikilvægt ríki bæði fyrir Sádi-Arabíu og Íran. Fyrir Sádi-Araba getur ástandið innan Jemens haft mikil áhrif á þjóðaröryggi Sádi-Arabíu. Yfirvöld vinna því gegn auknum áhrifum Írans innan Jemen og útbreiðslu starfsemi hryðjuverkasamtaka þar. Fyrir Írana er staðsetning Jemens mikilvæg til að koma höggi á Sádi-Araba og ítök þeirra á svæðinu gera þeim kleift að standa betur að vígi í valdabaráttunni við Sádi-Araba (Reardon 2015).

## 4 Umræður og lokaorð

Í þessari ritgerð hafa lykilatriðum í valdabaráttu Írans og Sádí-Arabíu verið gerð ítarleg skil og reynt að varpa ljósi á áhrif hennar á borgarastríðið í Jemen. Samskipti stórveldanna hafa verið rekin allt frá stjórnarbyltingunni í Íran og áhrif byltingarinnar á samband ríkjanna verið könnuð. Leitast hefur verið eftir því að svara hvort raunhyggja sé grundvallaratriði í svæðisbundnum utanríkisstefnum ríkjanna og í samskiptum milli þeirra. Einnig hefur verið reynt að sýna fram á það með hvaða hætti borgarastríðið í Jemen flokkist sem staðgenglastríð. Til þess að svara þessum spurningum voru svæðisbundnar utanríkisstefnur Sádí-Arabíu og Írans skoðaðar og hagsmunir ríkjanna í Mið-Ausurlöndum útlistaðir. Staðgenglastríðið í Jemen var svo tekið sem dæmi til að varpa ljósi á afleiðingar valdabaráttu ríkjanna.

Niðurstaða þessarar ritgerðar er að kenningalegur rammi raunhyggjunnar nýtist vel til þess að útskýra svæðisbundna utanríkisstefnu ríkjanna. Samkvæmt kenningum raunhyggjusinna eru ríki aðalgerendur í hinu stjórnlausa alþjóðakerfi og eitt af meginmarkmiðum ráðamanna þeirra er að hámarka eigin hagsmuni. Raunhyggjukenningar henta vel til að útskýra íhlutun Sádí-Arabíu og Írans í Mið-Austurlöndum, en valdabarátta þeirra snýst einmitt um það að hámarka hagsmuni þeirra á svæðinu. Ríkin tvö eru mjög ólík og samanstanda af ólíkum trúar- og þjóðernishópum. Þótt pólitísk, menningarleg og trúarleg einkenni íbúa ríkjanna hafi mikil áhrif á stjórn málaumhverfi og mótun utanríkisstefnu þeirra þá eru þessi einkenni ekki rótin að valdabaráttu ríkjanna. Það eru fyrst og fremst hagsmunir Sádí-Araba og Írana sem eru undirstaða samkeppninnar milli þeirra. Stórveldin tvö hafa nýtt sér ólík einkenni íbúa ríkja í Mið-Austurlöndum og virkjað þau pólitískt og þar af leiðandi kynt undir spennu milli mismunandi hópa. Ríkin hafa sérstaklega kynt undir spennu á milli tveggja megintrúarhópa innan íslam, súnníta og sjíta, sem hafa þar til nýlega búið nokkurn veginn í sátt og samlyndi. Valdabaráttan hefur breitt úr sér og nágrannaríki Sádí-Arabíu og Írans hafa verið dregin inn í átökin. Í dag keppast stórveldin tvö um áhrif og völd í Írak, Líbanon, Sírlandi og Jemen, einmitt til þess að auka sína eigin hagsmuni. Sádí-Arabía og Íran hafa átt afskipti af átökum sem sprottið hafa upp í þessum ríkjum og nýtt trúarlegan klofning innan þeirra sér í hag. Íran hefur einnig reynt að auka umsvif sín í ríkjum við Persaflóa sem eru í nánú samstarfi við Sádí-Arabíu í gegnum Samstarfsráð Arabaríkjanna við Persaflóa. Íhlutun Sádí-Araba og Írana í ríkjum Mið-Austurlanda samræmast því vel hugmyndum raunhyggjunnar.

Formgerðarraunhyggja Kenneth Waltz á einnig vel við greiningu á svæðisbundnum utanríkisstefnum og samskiptum Írana og Sádí-Araba. Samkvæmt Waltz eru alþjóðastjórnsmál

í eðli sínu barátta um völd og milliríkjadeilur brjótast út vegna stjórnleysis alþjóðakerfisins. Deilurnar milli stórveldanna tveggja, Íran og Sádi-Arabía, snúast um, líkt og hugmyndir formgerðarraunhyggjunnar gefa til kynna, baráttuna um völd. Waltz segir einnig að stjórnleysi alþjóðakerfisins leiði til þess að ríki leitast fyrst og fremst við að tryggja eigið öryggi. Ríki mynda því bandalög með öðrum ríkjum innan kerfisins til að bregðast við ógnum eða nýta sér tækifæri. Ríkin í Mið-Austurlöndum haga sér samkvæmt þessu, en þau hafa annars vegar myndað bandalög með Írönum og hins vegar Sádi-Aröbum til að tryggja eigið öryggi og hagsmuni.

Valdasamkeppni Sádi-Arabía og Írans er einnig hægt að skoða í ljósi kenninga um valdajafnvægi. Valdajafnvægi er mikilvægt gangverk sem verndar tilvist ríkja. Kenningin felur í sér að ríki vinna saman og mynda bandalög til að koma í veg fyrir að eitthvert eitt ríki öðlist yfirburðastöðu og verði oddríki. Þetta gangverk viðheldur valdajafnvægi í alþjóðakerfinu og tryggir að ekkert eitt ríki ráði yfir öllum hinum. Segja má að ríki í Mið-Austurlöndum hagi sér samkvæmt þessari kenningu en í gegnum tíðina hafa ríkin á svæðinu unnið gegn því að eitthvert eitt ríki nái yfirburðastöðu. Í nútímanum hafa mörg ríki í Mið-Austurlöndum myndað bandalög sín á milli. Bandalögin skiptast í grófum dráttum milli stórveldanna tveggja, þar sem Sádi-Arabía leiðir Samstarfsráð Arabaríkjanna við Persaflóa og Íranar eru í broddi fylkingar í samstarfi þeirra við Sýrland og Líbanon.

Í ritgerðinni var fjallað um áhrif valdabaráttu Sádi-Arabía og Írans á ríki Mið-Austurlanda. Borgarastríðið í Jemen var tekið sem dæmi um eitt þeirra staðgenglastríða sem sprottið hefur upp milli ríkjanna til þess að varpa ljósi á afleiðingar valdabaráttunnar. Hugmyndin um staðgenglastríð samræmist vel að þeim aðgerðum sem Íranar og Sádi-Arabar hafa tekið þátt í Jemen og er það víðtæk skoðun sérfræðinga að borgarastríðið í Jemen sé í raun staðgenglastríð milli ríkjanna. Óeirðaástand hefur verið viðvarandi í Jemen allt frá að arabíska vorið náði til landsins og blóðugt borgarastríð hefur ríkt í landinu í meira en ár. Ríkin tvö hafa nýtt sér ástandið í Jemen til að auka ítök sín í landinu. Þó nokkrir hópar berjast um völd í Jemen en aðalátökin eru milli sitjandi forseta, Abd Rabbuh Mansur Hadi, og fylkingu Húta. Sádi-Arabía og Íran hafa átt afskipti af deilunum innan Jemen með því að styðja við bakið á þessum stríðandi fylkingum sem berjast um yfirráð í landinu. Stuðningur ríkjanna skiptist eftir trúarlegum línunum þar sem Sádi-Arabar styðja við yfirvöld Jemens sem eru súnnítar, og Íranar styðja við fylkingu Húta, sem eru sjítar. Ástæðan fyrir afskiptum stórveldanna er samt sem áður ekki trúarleg. Afskipti þeirra stafa af þeim hagsmunum sem ríkin eiga að gæta á landsvæði Jemens og hafa ríkin þau nýtt sér trúarlegan ágreining þessara

hópa til auka völd sín. Landfræðileg staðsetning Jemens gegnir höfuðmáli í samkeppni ríkjanna um áhrif þar en meirihluti alls olíuflutnings heimsins fer í gegnum Bab Al-Madabundið sem liggur meðfram ríkinu. Yfirráð yfir sundinu skiptir sköpum fyrir Sádi-Araba og Írana þar sem þeir eru tveir meginolíuframleiðendur Mið-Austurlanda og hafa lengi keppt um yfirráð á olíumarkaðinum. Ríkin hafa þess vegna stutt við ólíka hópa með það að markmiði að grafa undan áhrifum hvors annars án þess að taka þátt í beinum átökum sín á milli. Borgarastríðið í Jemen hefur með þessum hætti þróast út í það að vera staðgenglastríð milli Sádi-Araba og Írana.



## 5 Heimildaskrá

- Aljazeera. 2016. „Key facts about the war in Yemen.“ *aljazeera.com*. 1. ágúst. Sótt 2. ágúst 2016.  
<http://www.aljazeera.com/news/2016/06/key-facts-war-yemen-160607112342462.html>
- Aljazeera. 2015a. „Who are the Houthis in Yemen?“ *aljazeera.com*. 29. mars. Sótt 25. júlí 2016.  
<http://www.aljazeera.com/news/middleeast/2014/08/yemen-houthis-hadi-protests-201482132719818986.html>
- Aljazeera. 2015b. „Yemen’s Saleh declares alliance with Houthis.“ *aljazeera.com*. 11. maí. Sótt 2. ágúst 2016.  
<http://www.aljazeera.com/news/2015/05/cloneofcloneofcloneofstrikes-yemen-saada-breach--150510143647004.html>
- Al-Rasheed, Madawi. 2010. *A History of Saudi Arabia*. 2. Útg. Cambrigde: Cambrigde University Press.
- Al-Shamahi, Abubakr. 2014. „Yemen is More Nuanced than ‘Sunni’ & ‘Shia’.“ *Yemen Times*, 27. febrúar. Sótt 16. júlí 2016.  
<http://www.yementimes.com/en/1759/opinion/3540/Yemen-is-more-nuanced-than-‘Sunni’-amp;%C2%A0‘Shia’.htm>
- Althunayyan, Hamad, 2014. *Challenges of Post-Global Shifts in Energy Production: U.S.-Saudi Relation in 2020*.  
<https://cnre.mit.edu/sites/default/files/documents/EnergyPostGlobalShifts.pdf>
- Ayoob, Mohammed. 2016. „Iran Nuclear Deal Fuels Tension With Saudi Arabia Inflaming New Conflicts.“ *Yale Global Online*, 19. janúar. Sótt 31. ágúst 2016.  
<http://yaleglobal.yale.edu/content/iran-nuclear-deal-fuels-tension-saudi-arabia-inflaming-new-conflicts>
- BBC News. 2013a. „Arab spring Country by Country- Bahrain.“ *bbc.com*. 16. desember. Sótt 29. júlí 2016. <http://www.bbc.com/news/world-12482295>
- BBC News. 2013b. „Arab uprising: Country by country- Yemen.“ *bbc.com*. 16. desember. Sótt 17. júlí 2016. <http://www.bbc.com/news/world-12482293>
- BBC News. 2015a. „Yemen Profile-Timeline.“ *bbc.com*. 25. nóvember. Sótt 16. júlí 2016. <http://www.bbc.com/news/world-middle-east-14704951>
- BBC News. 2015b. „Yemen Crisis: Who is fighting whom?“ *bbc.com*. 26. mars. Sótt 18. júlí 2016. <http://www.bbc.com/news/world-middle-east-29319423>

- BBC News. 2015c. „Yemen country profile.“ *bbc.com*. 25. nóvember. Sótt 20. júlí 2016. <http://www.bbc.com/news/world-middle-east-14704852>
- Beehner, Lionel. 2015. „How Proxy Wars Work: And What That Means for Ending the Conflict in Syria.“ *Foreign Affairs*, 12. nóvember. Sótt 11. júlí 2016. <https://www.foreignaffairs.com/articles/2015-11-12/how-proxy-wars-work>
- Braude, Joseph. 2016. „What to do about Saudi Arabia.“ *Foreign Policy*, 14. júní. Sótt 5. ágúst 2016. <http://www.fpri.org/article/2016/06/what-to-do-about-saudi-arabia/>
- Britannica. 2011. „Pan-Arabism.“ *britannica.com*. Síðast uppfært 6. júlí. Sótt 20. júlí 2016. <https://www.britannica.com/topic/Pan-Arabism>
- Britannica. 2016a. „Saudi Arabia Ibn Saud and the third Saudi State.“ *britannica.com*. Síðast uppfært 27. júní. Sótt 15. júlí 2016. <https://www.britannica.com/place/Saudi-Arabia/Death-of-Faysal>
- Britannica. 2016b. „Iran Introduction.“ *britannica.com*. Síðast uppfært 5. júní. Sótt 14. júlí 2016. <https://www.britannica.com/place/Iran>
- Britannica. 2016c. „Yemen Introduction.“ *britannica.com*. Síðast uppfært 4. maí. Sótt 15. júlí 2016. <https://www.britannica.com/place/Yemen>
- Britannica. 2016d. „Yemen Land.“ *britannica.com*. Síðast uppfært 4. maí. Sótt 15. júlí 2016. <https://www.britannica.com/place/Yemen/Land>
- Britannica. 2016e. „Yemen Religion.“ *britannica.com*. Síðast uppfært 4. maí. Sótt 15. Júlí 2016. <https://www.britannica.com/place/Yemen/Plant-and-animal-life#toc45255>
- Britannica. 2016f. „Yemen Uprising of 2011-12.“ *britannica.com*. Síðast uppfært 27. maí. Sótt 17. júlí 2016. <https://www.britannica.com/event/Yemen-Uprising-of-2011-2012>
- Bruno, Alessandro. 2015. „Yemen: The World’s Newest Failed State.“ *Geopolitical Monitor*, 12. febrúar. Sótt 19. júlí 2016. <https://www.geopoliticalmonitor.com/yemen-worlds-newest-failed-state/>
- Bruno, Greg. 2011. „State Sponsors: Iran.“ *Council on Foreign Relations*, 13. október. Sótt 15. júní 2016. <http://www.cfr.org/iran/state-sponsors-iran/p9362>

- Burchill, Scott og Andrew Linklater. 2005. „Introduction.“ Í *Theories of International Relations*. 3. útg. Ritstjórar Scott Burchill, Andrew Linklater, Richard Devetak, Jack Donally, Matthew Paterson, Christian Reus-Smit and Jacqui True, 1– 28. New York: Palgrave Macmillan.
- CBC News. 2009. „History of Iran: From Persia to present.“ *cbc.ca*. 29. júní. Sótt 18. ágúst 2016. <http://www.cbc.ca/news/world/history-of-iran-from-persia-to-present-1.791319>
- CNN News. 2015. „Arab Spring Aftermath: Revolutions give way to violence, more unrest.“ *cnn.com*. 28. mars. Sótt 16. júlí 2016. <http://edition.cnn.com/2015/03/27/middleeast/arab-spring-aftermath/>
- Cordesman, Anthony H. 2003. *Saudi Arabia Enters the Twenty-First Century: The Political, Economic, and Energy Dimension*. Washington: Praeger Publisher.
- Cordesman, Anthony H. 2015. „America, Saudi Arabia, and the Strategic Importance of Yemen.“ *Center for Strategic & International Studies*, 26. mars. Sótt 2. ágúst 2016. <https://www.csis.org/analysis/america-saudi-arabia-and-strategic-importance-yemen>
- Council on Foreign Relations. „The Sunni-Shia Divide.“ *Council on Foreign Relations*, febrúar 2016 Sótt 1. júlí 2016. [http://www.cfr.org/peace-conflict-and-human-rights/sunni-shia-divide/p33176#1/?cid=otr-marketing\\_url-sunni\\_shia\\_infoguide](http://www.cfr.org/peace-conflict-and-human-rights/sunni-shia-divide/p33176#1/?cid=otr-marketing_url-sunni_shia_infoguide)
- Deutsch, Karl W. 1964. „External Involvement in Internal Wars.“ Í *Internal War: Problems and Approaches*. Ritstjóri Harry Eckstein, 100–110. New York: Free Press of Glencoe.
- Donally, Jack. 2005. „Introduction.“ Í *Theories of International Relations*. 3. útg. Ritstjórar Scott Burchill, Andrew Linklater, Richard Devetak, Jack Donally, Matthew Paterson, Christian Reus-Smit og Jacqui True, 29–54. New York: Palgrave Macmillan.
- Dunne, Tim og Brian C. Schmidt. 2014. „Realism.“ Í *The Globalization of World Politics: An introduction to international relations*. 6. útg. Ritstjórar John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens, 99–112. Oxford: Oxford University Press.
- Ehteshami, Anoushiravan. 2014. „The foreign Policy of Iran.“ Í *The Foreign Policies of Middle East States*. 2. útg. Ritstjórar Raymond Hinnebusch og Anoushiravan Ehteshami, 185–207. Colorado: Lynne Rienner Publisher.
- Elman, Colin og Michael Jensen. 2013. „Realisms.“ Í *Security Studies: An Introduction*. 2. útg. Ritstjóri Paul D. Williams, 15–31. New York: Routledge.

- Fisher, Max. 2016. „The cold war between Saudi Arabia and Iran that’s tearing apart the Middle East, explained.“ *Vox*, 4. janúar. Sótt 2. ágúst 2016.  
<http://www.vox.com/2016/1/4/10708682/sunni-shia-iran-saudi-arabia-war>
- Fraihat, Ibrahim. 2016. „Keeping Iran and Saudi Arabia From War: Getting Riyadh and Tehran to Talk.“ *Foreign Affairs*, 30. maí. Sótt 20. júní 2016.  
<https://www.foreignaffairs.com/articles/iran/2016-05-30/keeping-iran-and-saudi-arabia-war>
- Gause III, George. 2014. „The foreign Policy of Saudi-Arabia.“ Í *The Foreign Policies of Middle East States*. 2. útg. Ritstjórar Raymond Hinnebusch og Anoushiravan Ehteshami, 185–207. Colorado: Lynne Rienner Publisher.
- Guzansky, Yoel. 2015. *The Arab Gulf States and the Reform in The Middle East: Between Iran and the “Arab Spring.”* New York: Palgrave MacMillan.
- Globalis. 2015. „Jemen.“ *globalis.is*. Síðast uppfært 14. júní. Sótt 17. júlí 2016.  
<http://www.globalis.is/Atoek/Jemen>
- Halliday, Fred. 2001. „Iran and the Middle East: Foreign Policy and Domestic Change.“ *Middle East Report* 220: 42–47. Sótt 16. ágúst 2016.  
[http://www.jstor.org/stable/pdf/1559410.pdf?\\_=1471365227235](http://www.jstor.org/stable/pdf/1559410.pdf?_=1471365227235)
- Halliday, Fred. 2005. *The Middle East in International Relations: Power, Politics and Ideology*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Haynes Jeffrey, Peter Hough, Shahin Malik og Lloyd Pettiford. 2011. *World Politics*. Harlow: Pearson Education Limited.
- Hinnebusch, Raymond. 2002. „Introduction: The Analytical Framework.“ Í *The Foreign Policies of Middle East States*. Ritstjórar Raymond Hinnebusch og Anoushiravan Ehteshami, 1–27. Colorado: Lynne Rienner Publisher.
- Hodgman, Charlotte. 2011. „Yemen’s forgotten war.“ *History Extra*, 21. febrúar. Sótt 16. júlí 2016. <http://www.historyextra.com/yemen>
- Iddon, Paul. 2016. „Iran and Saudi Arabia: From Twin Pillar to Cold Peace?“ *Rudaw*, 13. maí. Sótt 5. ágúst 2016. <http://rudaw.net/english/analysis/13032016>
- Kasinof, Laura. 2015. „How Yemen’s Civil Conflict Turned Into a Regional Proxy War.“ *The Nations*, 4. maí. Sótt 1. ágúst 2016.  
<https://www.thenation.com/article/how-yemens-civil-conflict-turned-regional-proxy-war/>

- Katzman, Kenneth. 2016. *Iran's Foreign Policy*. Washington: Congressional Research Service. <https://www.fas.org/sgp/crs/mideast/R44017.pdf>
- Lamy, Sveven L. 2014. „Contemporary mainstream approaches: neo-realism and neo-liberalism.“ Í *The Globalization of World Politics: An introduction to international relations*. 6. útg. Ritstjórar John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens, 113–140. Oxford: Oxford University Press.
- Laub, Zachary. 2016. „Yemen in Crisis.“ *Council on Foreign Relations*, 19. apríl. Sótt 25. júlí 2016. <http://www.cfr.org/yemen/yemen-crisis/p36488>
- Lawson, Fred H. 2013. „International Relations Theory and the Middle East.“ Í *International Relation of the Middle East*. 3. útg. Ritstjóri Louise Fawcett, 19–34. Oxford: Oxford University Press.
- Mason, Robert. 2015. *Foreign Policy in Iran and Saudi Arabia*. London: I.B. Tauris & Co Ltd.
- Malsin, Jared. 2016. „Yemen is the Latest Victim of the Increase in Iran-Saudi Arabia Tension.“ *Time*, 11. janúar. Sótt 25. júlí 2016. <http://time.com/4174837/yemen-analysis/>
- McManus, Doyle. 2014. „Syria and the perils of proxy war: Saudi Arabia and Iran use the conflict to vie for power in the Arab Mideast.“ *Los Angeles Times*, 12. janúar. Sótt 17. maí 2016. <http://articles.latimes.com/2014/jan/12/opinion/la-oe-mcmanus-column-proxy-war-syria-20140112>
- Milani, Mohsen M. 2011. „Iran and Saudi Arabia square off.“ *Foreign Affairs*, 11. október. Sótt 20. maí 2016. <https://www.foreignaffairs.com/articles/middle-east/2011-10-11/iran-and-saudi-arabia-square>
- Milani, Mohsen M. 2015. „Iran's Game in Yemen: Why Tehran isn't to Blame for the Civil War.“ *Foreign Affairs*, 19. apríl. Sótt 25. júlí 2016. <https://www.foreignaffairs.com/articles/iran/2015-04-19/irans-game-yemen>
- Ministry of Foreign Affairs of Saudi Arabia. 2016. „The Foreign Policy of The Kingdom of Saudi Arabia.“ mofa.gov. Síðast uppfært 5. ágúst. Sótt 10. ágúst 2016. <http://www.mofa.gov.sa/sites/mofaen/KingdomForeignPolicy/Pages/ForeignPolicy24605.aspx>
- Molavi, Afshin. 2015 „Iran and the Gulf states.“ *The Iran Primer*, ágúst. Sótt 16. júní 2016. <http://iranprimer.usip.org/resource/iran-and-gulf-states>

- Mumford, Andrew. 2013. *War and Conflict in the Modern World: Proxy War*. Cambridge: Polity Press.
- Naji, Kasra. 2016. „Iran nuclear deal: Five effects of lifting sanctions.“ *BBC News*, 18. janúar. Sótt 31. ágúst 2016. <http://www.bbc.com/news/world-middle-east-35342439>
- Nasr, Vali. 2016. „The War for Islam: Amid a roiling Middle East, Iran and Saudi Arabia are fanning the fires of sectarianism and playing politics in a zero-sum proxy war of religious fervor.“ *Foreign Policy*, 22. janúar. Sótt 20. júní 2016. <http://foreignpolicy.com/2016/01/22/the-war-for-islam-sunni-shiite-iraq-syria/>
- Nordland, Rod. 2016. „Airstrike in Yemen kills 17 Civilians, Witnesses say.“ *The New York Times*, 16. ágúst. Sótt 31. ágúst 2016. <http://www.nytimes.com/2016/08/17/world/middleeast/airstrike-in-yemen-kills-17-civilians-witnesses-say.html>
- Phillips, Sarah. 2011. *Yemen and the Politics of Permanent Crisis*. London: The International Institute for Strategic Studies.
- Reardon, Martin. 2015. „Saudi Arabia, Iran and the ‘Great Game’ in Yemen.“ *Aljazeera*, 26. mars. Sótt 2. ágúst 2016. <http://www.aljazeera.com/indepth/opinion/2014/09/saudi-arabia-iran-great-game-ye-201492984846324440.html>
- Riedel, Bruce. 2016. „What the Iran deal has meant for Saudi Arabia and regional tensions.“ *Brookings*, 13. júlí. Sótt 31. ágúst 2016. <https://www.brookings.edu/blog/markaz/2016/07/13/what-the-iran-deal-has-meant-for-saudi-arabia-and-regional-tensions/>
- RÚV. 2015a. „Borgarastyrjöld vofir yfir Jemen.“ *ruv.is*. 23. mars. Sótt 30. júlí 2016. <http://www.ruv.is/frett/borgarastyrjold-vofir-yfir-jemen>
- RÚV. 2015b. „Hadi kominn aftur til Jemen.“ *ruv.is*. 17. nóvember. Sótt 1. ágúst 2016. <http://www.ruv.is/frett/hadi-kominn-aftur-til-jemen>
- RÚV. 2012. „Nýr forseti í Jemen.“ *ruv.is*. 25. febrúar. Sótt 28. júlí 2016. <http://www.ruv.is/frett/nyr-forseti-i-jemen>
- RÚV. 2016. „Viðtæk áhrif tímamótasamnings.“ *ruv.is*. 17. janúar. Sótt 6. júní 2016. <http://www.ruv.is/frett/vidtaek-ahrif-timamotasamnings>
- Salisbury, Peter. 2015. „Yemen and the Saudi- Iranian ‘Cold War’.“ Rannsóknarritgerð, Chatham House: The Royal Institute of International Affairs.

- Simon, Steven. 2010 „Iran and Israel.“ *The Iran Primer*. Sótt 14. ágúst 2016.  
<http://iranprimer.usip.org/resource/iran-and-israel>
- Stenslie, Stig. 2013. „Not to strong, not to weak: Saudi-Arabia’s policy towards Yemen.“  
*Norwegian Peacebuilding Resource Centre*, mars. Sótt 18. júní 2016.  
[http://www.peacebuilding.no/var/ezflow\\_site/storage/original/application/87736bc4da8b0e482f9492e6e8baacaf.pdf](http://www.peacebuilding.no/var/ezflow_site/storage/original/application/87736bc4da8b0e482f9492e6e8baacaf.pdf)
- Terrill, W. A. 2011. „The Sudi-Iranian Rivalry And The Future of Middle East Security.“  
*Current Politics and Economics of the Middle East* 3 (4): 513–563. Sótt 27.  
 ágúst 2016. <http://search.proquest.com/docview/1707986871?accountid=28822>.
- Tharoor, Ishaan. 2010. „A Brief History of Yemen: Rich Past, Impoverished Present.“  
*Time*, 1. nóvember. Sótt 15. júlí 2016.  
<http://content.time.com/time/world/article/0,8599,2028740,00.html>
- The New York Times. 2015. „Crisis in Yemen: What You Need to Know.“ *nytimes.com*. 21.  
 apríl. Sótt 28. júlí 2016.  
<http://www.nytimes.com/interactive/2015/03/26/world/middleeast/yemen-crisis-explained.html>
- Wynbrandt, James. 2010. *A Brief History of Saudi Arabia*. 2. Útg. New York: Infobase Publishing.
- Whitaker, Brian. 2011. „Yemen’s Ali Abdullah Saleh resigns – but it changes little.“ *The Guardian*, 24. nóvember. Sótt 20. maí 2016.  
<https://www.theguardian.com/commentisfree/2011/nov/24/yemen-ali-abdullah-saleh-resigns>
- Zarif, Mohammed Javad. 2014. „What Iran Really Wants: Iranian Foreign Policy in the Rouhani Era.“ *Foreign Affairs*, maí/júní. Sótt 4. apríl 2016.  
<https://www.foreignaffairs.com/articles/iran/2014-04-17/what-iran-really-wants>